

Ársskýrsla
Vinnueftirlitsins
fyrir árið 2006



 VINNUEFTIRLITIÐ
2007

Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2006
Netútgáfa
Ritstjóri: Hanna Kristín Stefánsdóttir
Ábyrgðarmaður: Eyjólfur Sæmundsson
Útlit og frágangur: agunn/Anna Gunnlaugsdóttir
Vinnueftirlitið 2007

Efnisyfirlit

- 2** Inngangur
- 3** Verkefni – Stefna – Markmið
Helstu verkefni Vinnueftirlitsins
Stefna Vinnueftirlitsins 2005–2007
- 4** Skipurit - Stjórn - Starfsmenn
- 5** Umdæmisskrifstofur
- 6** Stjórn Vinnueftirlitsins
- 7** Fjármál
- 8** Fjöldi starfsmanna eftir deildum
Starfsmannafélag Vinnueftirlits ríkisins (SVER)
- 10** Eftirlitsstarfið á árinu 2006
Vinnuumhverfisvísar og áhættumat
Aðlagað eftirlit – áhersla á frammistöðu fyrirtækja
Fyrirtækjaeftirlit
Vinnuvélaeftirlit
Markaðseftirlit
- 18** Umsagnir og leyfisveitingar
- 19** Þjónustuaðilar
- 20** Átaksverkefni
Vinnuverndarvikan 2006 – Örugg frá upphafi!
Byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð
Áætlun um öryggi og heilbrigði – forvarnir
Vinnuverndaráttak í grunnskólum
Evrópskt asbestátak
BB-verkefnið: Betri líðan – Bættur hagur
Hraust saman (Healthy together)
Símenntun starfsmanna
- 28** Atvinnusjúkdómar og vinnuslys
- 31** Fræðslu- og upplýsingastarf
Námskeið, fyrirlestrar og kennsla
Útgáfa
- 34** Rannsóknir
Rannsóknastofa í vinnuvernd
- 35** Innlent samstarf
- 36** Erlent samstarf
Norrænir samstarfsfundir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar
Annað norrænt samstarf
Annað erlent samstarf
- 37** Erindi og birtar greinar á árinu
Birtar og samþykktar greinar í vísindaritum, rannsóknaskýrslur og útdrættir
Greinar almenns eðlis
Rit í vinnslu á árinu
Ritstjórn og ritrýni
Þátttaka í ráðstefnum
- 40** Starfsmenn Vinnueftirlitsins í árslok 2006

Inngangur



Eyjólfur Sæmundsson,
forstjóri Vinnueftirlitsins

Á árinu 2006 má segja að brotið hafi verið blað í regluverki vinnuverndarmála með setningu reglugerðar nr. 920/2006 um vinnuverndarstarf á vinnustöðum. Aðaltilgangur þessarar reglugerðar er að fylgja eftir því meginmarkmiði vinnuverndarlaganna frá 1980 að innan vinnustaðanna sjálfra skuli leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál sem þar koma upp. Í reglugerðinni eru sett nánari ákvæði um hvernig að slíku skuli staðið.

Reglugerðin kveður í meginatriðum á um skyldu atvinnurekenda til að gera áhættumat á vinnustöðum fyrirtækja sinna, þ.e. lýsa og meta þær hættur fyrir öryggi og heilsu starfsmanna sem þar kunna að vera. Jafnframt á síðan að gera áætlun um forvarnir gegn þeim hættum sem greinast. Þessi aðferð er í samræmi við meginreglur ESB og byggir á reynslu annarra Norðurlandþjóða.

Reglugerðin kveður einnig á um innra starf að forvörnum í fyrirtækjunum, um samstarf fulltrúa starfsmanna og stjórnenda og um hlutverk öryggis-trúnaðarmanna og öryggisvarða. Vinnuumhverfið er sá þáttur í rekstri fyrirtækja sem starfsmenn hafa lögvarinn rétt til að hafa áhrif á. Það er mín skoðun að þau ákvæði hafi ekki verið nægilega virk í reynd og þar þarf að gera bragarbót. En slíkt er ekki alfarið í verkahring Vinnueftirlitsins; aðilar vinnumarkaðarins verða einnig að koma að verki.

Hin nýja reglugerð kallar einnig á öfluga kynningu af hálfu Vinnueftirlitsins, sem og breyttar aðferðir við eftirlit. Þegar hafa verið útbúnar fjölbættar leiðbeiningar um þessi mál með gátlistum sem liggja fyrir á heimasíðu stofnunarinnar.

Á árabílinu 2001–2005 létust 10 einstaklingar í vinnuslysum eða 2 að meðaltali á hverju ári. Það eru auðvitað of mörg slys, markmiðið er slyslausir vinnustaðir. Á árinu 2006 létust hins vegar 6 í slíkum slysum sem bendir til óheillaþróunar. Vissulega hafa verið miklar framkvæmdir í landinu en það er ekki gild afsökun. Slíkar framkvæmdir þurfa ekki að leiða til alvarlegra slysa ef vandað er til öryggismála. Það sýnir t.d. reynslan af byggingu álversins á Reyðarfirði þar sem milljónir vinnustunda hafa verið unnar án alvarlegra slysa.

Í fjárlögum fyrir árið 2005 voru fjárveitingar til stofnunarinnar lækkaðar svo um munar með vísan til þess að tekjur hennar hefðu aukist. Ekki var tekið tillit til þess að útgjöld höfðu aukist samsvarandi, tekjurnar urðu til í verkefni, sem kostuðu fjármuni, en tekjur komu í sama mæli á móti. Fjárlaganefnd Alþingis samþykkti að leiðrétta þennan gjörning með aukafjárveitingu sl. haust og leiðréttingu í fjárlögum fyrir 2007. Það ber að þakka en jafnframt sýnir þetta mikilvægi þess að vandað sé til fjárlagagerðarinnar.

Vinnueftirlitið

Verkefni – Stefna – Markmið

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Lögin gilda um vinnustaði í landi, þar með talin landbúnaðarstörf. Breytingar voru síðast gerðar á vinnuverndarlögunum vorið 2005.

Markmiðsgrein laganna hljóðar svo:

Með lögum þessum er leitast við að

- að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu;
- að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigði vandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Af þessum orðum má ráða hvað einkum er átt við með hugtakinu vinnuvernd (fyrr liður) og hvernig löggjafinn hugsar sér að unnið sé að vinnuvernd (seinni liður).

Helstu verkefni Vinnueftirlitsins

Helstu verkefni Vinnueftirlitsins eru m.a. að veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf, svo og að veita þeim, sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, leiðbeiningar í störfum þeirra. Einnig á Vinnueftirlitið að afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti og aðbúnað í starfsumhverfinu. Mikilvæg verkefni eru er að stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum, standa fyrir fræðslu- og upplýsingastarfi og vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar. Stofnunin á að sjá um að haldin sé skrá yfir andlega sem líkamlega sjúkdóma sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfinu, tíðni þeirra og útbreiðslu, svo og skrá yfir tíðni vinnuslysa, orsakir þeirra, afleiðingar og fleiri atriði þeim tengd. Loks skal Vinnueftirlitið annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir vinnuverndarlögin.

Stefna Vinnueftirlitsins 2005–2007

Til að stuðla að árangursríku vinnuverndarstarfi settu starfsmenn Vinnueftirlitsins sér stefnu árið 2005 sem gert er ráð fyrir að verði endurskoðuð árið 2007. Í stefnunni kemur fram ætlunarverk, leiðarljós og megin-

markmið:

Ætlunarverk

Að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega framþróun í þjóðfélaginu, og markvissu forvarnastarfi á vinnustöðunum sjálfum.

Leiðarljós

1. Komið sé í veg fyrir, eins og kostur er, að fólk verði fyrir slysum í vinnunni eða vegna vinnunnar.
2. Komið sé í veg fyrir, eins og kostur er, að fólk verði fyrir heilsutjóni eða finni til vanlíðanar vegna umhverfispátta á vinnustöðum, sálfélagslegra aðstæðna eða slæms aðbúnaðar.
3. Á vinnustöðum sé unnið markvisst vinnuverndarstarf sem stuðli að stöðugum umbótum í vinnuumhverfi og aukinni vellíðan starfsfólks.
4. Á vinnustöðum sé tekið tillit til mismunandi starfsgetu fólks, stuðlað að því að fólk haldist á vinnumarkaði og komi aftur til starfa eftir slys og veikindi.
5. Vinnueftirlitið sé miðstöð þekkingar og reynslu á sviði vinnuverndar og miðli henni með skipulegum hætti.
6. Vinnueftirlitið byggi starf sitt á vönduðum og samræmdum vinnubrögðum og bestu fánlegu þekkingu og kappkosti að veita góða þjónustu.
7. Vinnueftirlitið leiti eftir samstarfi við samtök á vinnumarkaði, stofnanir, sem vinna að skyldum verkefnum, skóla og fleiri aðila.
8. Vinnueftirlitið sé þroskandi vinnustaður með hæfu og ánægðu starfsfólki.
9. Rekstur stofnunarinnar verði sem hagkvæmastur og útgjöld innan þess ramma sem fjárheimildir og tekjuöflun leyfa.


Meginmarkmið

- Að á vinnustöðum sé leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með tiltækri þekkingu og bestu fánlegu tækni.
- Að tíðni vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma sé með því lægsta sem gerist í þeim löndum, sem Ísland er helst borið saman við, og starfsánægja með því besta sem gerist.
- Að staðtölur yfir vinnuslys, atvinnutengda sjúkdóma og líðan á vinnustöðum gefi glögga mynd af þróuninni hérlandis og hvernig henni miðar í samanburði við þau lönd sem Ísland er helst borið saman við.

Skipurit

Skipuritið hér á eftir sýnir stöðu Vinnueftirlitsins innan stjórnkerfisins og skipulag stofnunarinnar, þ.e.a.s. deildaskiptingu og umdæmin, sem eru átta talsins, dreifð um landið. Á landakortinu síðar á næstu blaðsíðu má sjá hvar umdæmisskrifstofurnar eru, heimilisföng þeirra, símanúmer o.fl.


Vinnueftirlitið heyrir undir félagsmálaráðherra eins og skipuritið ber með sér. Félagsmálaráðherrar á árinu 2006 voru þrír, þ.e. Árni Magnússon, Jón Kristjánsson, sem tók við 7. mars 2006, og Magnús Stefánsson sem tók við 15. júní 2006.



Vinnueftirlitið

Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins

Á kortinu hér fyrir neðan eru tilgreindir þeir kaupstaðir – ásamt Reykjavík – þar sem umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins eru, ásamt heimilisföngum, símanúmerum og netföngum.



Stjórn Vinnueftirlitsins

Ráðherra skipar stjórn Vinnueftirlitsins til fjögurra ára í senn. Í stjórninni sitja níu menn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn stjórnarmaður kemur frá fjármálaráðuneytinu en aðilar vinnumarkaðarins tilnefna hina sjö. Í stjórninni sitja einnig tveir áheyrnarfulltrúar starfsmanna Vinnueftirlitsins.

Verkefni stjórnarinnar eru einkum að vera félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlitsins til ráðgjafar í vinnuverndarmálum, gera tillögur til

ráðherra um úrbætur á því sviði, þ. á m. um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða. Stjórnin gefur einnig umsagnir við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um vinnuverndarmál.

Skipan stjórnarinnar, sem setið hefur frá 1. júní 2003, er þessi:

Samtök/Ráðuneyti	Fjöldi	Aðalmenn	Varamenn
Alþýðusamband Íslands	2	Guðrún Kr. Óladóttir Halldór Grönvold	Halldór Jónasson Stefán Ó. Guðmundsson
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	1	Sigríður Kristinsdóttir	Vernharð Guðnason
Bandalag háskólamanna	1	Herdís Sveinsdóttir	Karen Bjarnhéðinsdóttir
Samband íslenskra sveitarfélaga	1	Hersir Oddsson	Inga Hersteinsdóttir
Samtök atvinnulífsins	2	Jón Rúnar Pálsson Pétur Reimarsson	Ásbjörn Einarsson Ragnheiður Héðinsdóttir
Fjármálaráðuneyti	1	Gunnar Björnsson	Pórhallur Vilhjálmsson
Formaður	1	Guðjón Ólafur Jónsson	Edvard Börkur Edvardsson

Aðeins voru haldnir 5 stjórnarfundir á árinu 2006 en yfirleitt eru stjórnarfundir haldnir mánaðarlega að frátöldum sumarmánuðunum þegar stjórnarfundir

falla niður. Hér á eftir eru upplýsingar um stjórnarstörf á árinu 2006 og síðustu fjögur ár eru höfð með til samanburðar.

Stjórnarstörf	2002	2003	2004	2005	2006
Fundir í aðalstjórn	9	6	10	8	5
Fundir í landbúnaðarstjórn *	1	1	*	*	*
Samþykktar nýjar reglur eða breytingar á reglum	3	4	4	6	4

Reglugerðimar fjórar sem samþykktar voru eru þessar:

- Reglugerð nr. 922/2006 um varnir gegn álagi vegna vélræns titrings á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.

Á árinu var unnið að reglugerð um þjónustuaðila, breytingum á reglugerð um notkun tækja og að reglugerð um vélar og tæknilegan búnað.

Fjallað verður sérstaklega um reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum í kaflanum *Átaksverkefni – Áætlun um öryggi og heilbrigði, forvarnir*.

Vinnueftirlitið

Fjármál

Rekstrarreikningur 2006

Tekjur:	2006	2005
Sértekjur		
Markaðar tekjur	52.620.178	38.325.954
Aðrar rekstrartekjur	4718692	8.971.809
	152433490	118.429.528
Tekjur samtals	209.772.360	165.727.291
Gjöld:		
Rekstrargjöld		
Gjöld samtals	458.837.487	431.585.006
	458.837.487	431.585.006
Tekjur umfram gjöld		
Framlag úr ríkissjóði	-249.065.127	-265.857.715
Tekjuafgangur /halli ársins	264.000.000	241.100.000
	14.934.873	-24.757.715

Efnahagsreikningur 31/12 2006

Eignir:

	2006	2005
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur		
Sjóðir og bankareikningar	41.679.917	35.026.951
Veltufjármunir samtals	13.567.477	870.683
Eignir samtals	55.247.394	35.897.634
	55.247.394	35.897.634
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun		
Tekjuafgangur (halli)	-5.718.881	19.038.834
Eigið fé samtals	14.934.873	-24.757.715
	9.215.992	-5.718.881
Skammtímaskuldir:		
Skuld við ríkissjóð		
Viðskiptaskuldir	26.132.319	35.871.264
Skammtímaskuldir samtals	19.899.083	5.745.251
Eigið fé og skuldir samtals	46.031.402	41.616.515
	55.247.394	35.897.634

Fjöldi starfsmanna eftir deildum

Starfsmenn Vinnueftirlitsins voru í árslok 2006 73 talsins. Þar af voru 44 karlar og 29 konur. Hér á eftir sést hvernig starfsmenn skiptast eftir deildum og umdæmum, árið 2005 er haft til samanburðar:

Deildir	Fjöldi starfsm. 2006	Fjöldi starfsm. 2005
Yfirstjórn/skrifstofa	9	9
Próunar og eftirlitsdeild	4	4
Tæknideild	2	2
Vinnuvéladeild	10	10
Fræðsludeild	4	4
Efna- og Hollustuháttadeild	3	4
Rannsókn- og heilbrigðisdeild	4	4
Reykjavíkumdæmi	8	8
Vesturlandsumdæmi	3	2
Vestfjarðaumdæmi	2	2
Norðurlandsumdæmi-vestra	3	3
Norðurlandsumdæmi-eystra	5	5
Austfjarðaumdæmi	5	5
Suðurlandsumdæmi	5	5
Suðurnesjaumdæmi	3	3
Tölvuvæðing	3	3
Samtals stöðugildi	73	73
Samantekt	2006	2005
Starfsmenn í Reykjavík	47	48
Starfsmenn úti á landi	26	25
Fjöldi starfsmanna samtals	73	73
Fjöldi kvenna	29	28
Fjöldi karla	44	45
	2006	2005
Ársverk samtals unnin	78,5	79,3
Þar af ársverk v/yfirvinnu o.fl.	8,3	8,1
Starfsmannavelta	19,20%	8,20%
Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum	20 %	20 %
Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna	33 %	33 %

Listi yfir nöfn starfsmanna og starfsheiti þeirra, flokkuð eftir deildum og umdæmum, er á 3. kápusíðu.

Vinnueftirlitið



Starfsmannafélag Vinnueftirlits ríkisins (SVER)

Frá fundi í starfsmannafélaginu.
Ljósmynd: Hafdís Sverrisdóttir

Starfsmenn Vinnueftirlitsins reka starfsmannafélag og er markmið félagsins að vinna að fræðslu- og hagsmunamálum félagsmanna og efla samstarf þeirra og kynni.

Eins og segir í lögum félagsins skal starfsmannafélagið stuðla að fjölbreyttu félags- og menningarlífi, m.a. á sviði íþróttamála, orlofsmála, skemmtanahalds og öðru því sem varðar sameiginleg hagsmuna- og áhugamál starfsmanna. Félagsmenn teljast allir starfsmenn Vinnueftirlitsins sem þess óska.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, þ.e. formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Auk þeirra eru kosnir tveir varamenn. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Formaður er kosinn sérstaklega til eins árs í senn en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn annað hvert ár en hinir tveir næsta ár.

Félagsgundir eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Á fundina eru fengnir ýmsir aðilar með fræðslu eða skemmtun fyrir starfsmenn. Nokkrir fastir dagskrárlíðir eru hjá félaginu á hverju ári, s.s. hádegisverður á aðventu, þar sem starfsmönnum, sem hættir eru fyrir aldurs sakir, er boðið til jólaveislu, þorablót, árshátíð, haustferð þar sem farið er í rútu út úr bænum og skoðaðir markverðir staðir o.fl. o.fl.

Eftirlitsstarfið á árinu 2006

Eftirlitsstarfi Vinnueftirlitsins er skipt í eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum og stofnunum, þar með talið landbúnaði, gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja og markaðseftirlit. Eftirlitsstarfið byggist á reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og er unnið að því að innleiða í samræmi við hana nýja eftirlitsaðferð, svokallað *aðlagað eftirlit*. Nánar er fjallað um hina nýju eftirlitsaðferð síðar í þessum kafla. Helstu vandamál, sem steðja að starfsmönnum vinnustaða, eru slys, heilsuskaðleg áhrif vegna rangrar líkamsbeitingar, lélegs aðbúnaðar, hættulegra efna eða líffræðilegra skaðvalda (s.s. baktería, veira og krabbameinsvaldandi efna) og sálfélagsleg vandamál vegna slæms skipulags eða slæmrar stjórnunar.

Starf Vinnueftirlitsins beinist því einkum að forvörnum – til að koma í veg fyrir slys, atvinnutengd óþægindi, sjúkdóma og vanlíðan í vinnu. Til þess að sinna þessu starfi notar Vinnueftirlitið m.a. lög og reglugerðir (sbr. kaflann um stjórn Vinnueftirlitsins hér fyrir framan), eftirlit með öryggi, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum, fræðslu, leiðbeiningar og ráðgjöf til atvinnurekenda og starfsmanna, svo og rannsóknir, einkum á vinnuaðstæðum og líðan starfsfólks. Tekið skal fram að það er atvinnurekandinn sem ber alla ábyrgð á að vinnuaðstæður séu samkvæmt lögum og reglum.

Byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð voru umsvifamiklar á árinu og tóku sinn toll af eftirlitsstarfinu, ef svo mætti segja, og er sérstaklega fjallað um þær framkvæmdir í kaflanum *Átaksverkefni* aftar í skýrslunni.

Vinnuumhverfisvísar og áhættumat

Á árinu 2006 bættust við fimm *vinnuumhverfisvísar* starfsgreina en þeir eru: efna- og lyfjaiðnaður, byggingariðnaður, hárgreiðslu- og snyrtistofur, landbúnaður og þvottahús og fatahreinsanir. Eru vinnuumhverfisvísarnir nú 23 talsins. Þeir varpa ljósi á helstu vandamál sem vænta má í viðkomandi starfsgrein og hefur reynslan sýnt að þeir nýtast mörgum fyrirtækjum í eigin vinnuverndarstarfi, t.d. við gerð áhættumats. Á heimasíðunni er við gerð áhættumats kynnt „Sex skrefa aðferðin“ og eru vinnuumhverfisvísarnir þar mikilvægt verkfæri við greiningu á áhættuþáttum.

Á árinu 2006 voru allir vinnuumhverfisvísarnir uppfærðir í samræmi við breytingar á reglugerðum. Fyrirhugað er að halda áfram að þróa fimm nýja vinnuumhverfisvísa.

Eftirfarandi vinnuumhverfisvísar starfsgreina eru nú fyrirliggjandi og má fá þá á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is.

Vinnuumhverfisvísar - www.vinnueftirlit.is

- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Bifreiðaverkstæði • Byggingariðnaður • Efna- og lyfjaiðnaður • Fiskimjölsværksmiðjur o.fl • Frystihús, rækjuverksmiðjur o.fl • Hárgreiðslu- og snyrtistofur • Landbúnaður • Leikskólar • Lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkvilið • Matvælaíðnaður (bakarí, niðursuðuverksm. o.fl) • Matvælaíðnaður, sláturhús og kjötvinnslur | <ul style="list-style-type: none"> • Matvöruverslanir • Málmbræðslur • Málmsmíðar • Orkuver og dreifikerfi • Skólar • Skrifstofur • Trésmiðjur • Umönnunargeiri • Veitingahús og mötuneyti • Vöruflutningar, dreifing og vörugeymslur • Þvottahús og fatahreinsanir |
|---|--|

Vinnueftirlitið

**Aðlagað eftirlit – áhersla á frammi-
töðu fyrirtækja**

Á árinu 2006 var áfram unnið að undirbúningi nýrrar eftirlitsaðferðar, *aðlagðs eftirlits*, en innleiðing þess hefst nú loks í haust. Aðferðinni verður aðeins beitt í stærri fyrirtækjum fyrst um sinn.

Mat á skipulagi vinnuverndarstarfsins og vinnu- aðstæðum leiðir til flokkunar fyrirtækisins. Munu fyrirtæki í flokkum 1 og 2 fá traust Vinnueftirlitsins til að leggja sjálf fram tímasetta framkvæmdaáætlun ef gera þarf úrbætur en fyrirtæki í flokki 3 fá tímasett fyriræli. Markmið nýrrar aðferðar er meðal annars að Vinnueftirlitið beiti kröftum sínum þar sem þess er mest þörf. Breyttar aðferðir munu leiða til þess að Vinnueftirlitið mun heimsækja fyrirtæki í flokki 3 oftar en þau fyrirtæki sem hafa getað sýnt fram að hafa góða stjórn á vinnuverndarmálum þess.

Fyrirtækjaeftirlit

Hversu oft fyrirtæki er heimsótt af eftirlitsmanni ræðst að nokkru leyti af þeirri áhættu sem gert er ráð fyrir að sé til staðar á vinnustaðnum. Aðrir þættir svo sem kvartanir starfsmanna, slys og óhöpp, átaks- verkefni í starfsgreinum, áhættuþættir sem lögð er sérstök áhersla á í eftirliti á hverju ári eða eftirfylgni við nýjar reglugerðir hafa einnig áhrif á það hvaða vinnustaðir eru heimsóttir. Eins og fram kemur í töflu 1 hefur fyrirtækjum fjölgað nokkuð frá fyrra ári. Má það að hluta til rekja til þess að nú hafa öll bændabýli sem skoðuð voru árið 2006, alls 222 býli, verið skráð inn í fyrirtækjaskrá stofnunarinnar í 3. flokk. Mun fjölgun fyrirtækja í skránni á næstu árum áfram að einhverju leyti skýrast af innskráningu bændabýla. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og flokkun fyrirtækja eftir áhættu:

Tafla 1. Fjöldi fyrirtækja í fyrirtækjaskrá Vinnueftirlitsins skipt eftir flokkum

Skráð fyrirtæki eftir áhættuflokkum	Skráð 31.12. 2002	Skráð 31.12. 2003	Skráð 31.12. 2004	Skráð 31.12. 2005	Skráð. 31.12. 2006
1. flokkur , skoðun árlega	2.442	2.467	2.537	2.709	2.461
2. flokkur, skoðun annaðhvert ár	2.413	2.644	2.923	3.030	3.146
3. flokkur, skoðun 4. hvert ár	1.843	1.874	1.977	2.093	2.451
4. flokkur, óreglubundin skoðun	6.304	5.441	6.692	6.588	6.906
Samtals	13.002	12.426	14.129	14.420	14.964

Á árinu 2006 voru innleidd ný vinnubrögð í eftirliti til að auka samræmingu og gæði í eftirlitsstarfinu. Flestir vinnustaðir eru nú skoðaðir samkvæmt vinnu- umhverfisvísnum starfsgreina, sjá umfjöllun um vísana hér fyrir framan. Vísarnir varpa ljósi á helstu áhættu- þætti sem vænta má í viðkomandi starfsgrein og leggja eftirlitsmenn áherslu á þá þætti öðrum fremur í heimsóknum sínum á vinnustaði.

Á árinu 2006 var sérstök áhersla á eftirfarandi í eftirlitsstarfinu: Áhættumat fyrirtækja, tilnefningu öryggisvarða og kosningu öryggistrúnaðarmanna,

vinnu barna og ungmenna, asbest, vinnu í kældu rými og líkamlegt álag, einkum þungar byrðar. Eins og undangengin ár var auk framangreinds lögð mikil áhersla á byggingarvinnustaði, sérstaklega að gerðar væru öryggis- og heilbrigðisáætlanir fyrir slíka vinnustaði og unnið væri í samræmi við þær. Einnig var sérstök áhersla á eftirlit með vinnu í hæð og fallvörnum. Haldið var áfram á þeirri braut að grípa til þvingunaraðgerða þegar vinnu- aðstæður voru ófullnægjandi, t.d. að banna vinnu á ófullnægjandi vinnupöllum.

Tafla 2. Umfang hins almenna fyrirtækjaeftirlits

Fjöldi og flokkun skoðana við fyrirtækjaeftirlit	2002	2003	2004	2005	2006
Reglubundnar skoðanir	1.773	1.823	2.137	2.179	2.312
Takmarkaðar úttektir	816	963	942	946	936
Reglubundnar endurskoðanir	344	254	444	226	92
Endurskoðanir v. takmarkaðra úttekta	29	33	35	12	2
Fjöldi skoðana samtals	2.962	3.073	3.558	3.363	3.342
Aðrar fyrirtækjaheimsóknir	1.691	1.857	1.403	810	850
Fyrirtækjaheimsóknir samtals	4.653	4.930	4.961	4.173	4.192
Mælingar og prófanir við eftirlit	581	447	436	633	547
Par af hávaðamælingar	83	70	69	229	103
Útköll vegna slysa og óhappa	197	225	206	228	225

Heildarfjöldi skoðana og heimsókna í fyrirtæki árið 2006 er heldur minni en undangengin ár. Reglubundnum skoðunum heldur þó áfram að fjölga og eru þær 30% fleiri en fyrir fimm árum síðan. Í þessum eftirlitsheimsóknum er áhersla lögð á að hitta lykilaðila sem taka þátt í vinnuverndarstarfi fyrirtækisins og að skoða vinnuaðstæður heildstætt samkvæmt vinnu-umhverfisvísi starfsgreinarinnar. Eins og fyrirtæki hafa vafalaust orðið áskynja á síðastliðnu ári koma fleiri atriði til skoðunar nú en áður og því tekur hver heimsókn oftast heldur lengri tíma. Í lok ársins 2006 var innleidd breyting á eftirlitsskýrslum í fyrirtækjaeftirliti. Nú berast í flestum tilvikum fyrirmæli með pósti í prentaðri skýrslu að heimsókn lokinni. Í skýrslunni er gerð mun ítarlegri grein en áður fyrir þeim vinnuaðstæðum sem fyrirmæli eru gefin um og ávallt tilgreind lög, reglur og reglugerðir sem fyrirmælin byggja á.

Fjöldi takmarkaðra úttekta er svipaður og síðastliðin ár en í þeim er sjónum beint að afmörkuðum atriðum á vinnustaðnum, t.d. tengt rannsókn vinnuslysa, vegna kvartana eða sérstakra átaksverkefna. Endurskoðunum hefur fækkað verulega enda er nú lögð mikil áhersla á að atvinnurekendur sendi inn skriflega tilkynningu um úrbætur þegar tímafrestur er liðinn. Mikilvægt er að stjórnendur vinnustaða tryggi að tilkynningar um úrbætur berist til Vinnueftirlitsins,



Þrír eftirlitsmenn bera saman bækur sínar. Frá vinstri: Guðjón Sólmundsson, umdæmisstjóri á Vesturlandi og Björn S. Pálsson og Hafdís Sverrisdóttir, eftirlitsmenn í Reykjavík.

að öðrum kosti getur það leitt til þvingunaraðgerða gagnvart viðkomandi fyrirtæki.

Heimsóknum í fyrirtæki, sem ekki eru skilgreindar sem beinar eftirlitsheimsóknir, hefur fækkað til muna borið saman við fyrri ár. Fjöldi útkalla vegna vinnuslysa er svipaður og undangengin ár. Mælingum í eftirliti hefur fækkað miðað við árið 2005 en eru jafnframt fleiri þegar litið er til árána þar á undan.

Tafla 3 hér á eftir gefur yfirlit yfir fyrirmæli og ábendingar Vinnueftirlitsins flokkuð eftir því hvort þau beinast að aðbúnaði, hollustuháttum, öryggi eða öðrum þáttum. Einnig er yfirlit yfir þvingunaraðgerðir en þær geta t.d. falist í að banna tiltekinn búnað,

Vinnueftirlitið

Tafla 3. Fyrirmæli, ábendingar og þvingunaraðgerðir VER 2002-2006

Fyrirtækjaeftirlit - fyrirmæli og ábendingar, þvingunaraðgerðir	2002	2003	2004	2005	2006
Fyrirmæli um bættu hollustuhætti	1.043	984	897	1.382	1.611
Fyrirmæli um bætt öryggi	2.600	3.008	2.960	2.554	2.510
Fyrirmæli um bættan aðbúnað	461	574	788	715	625
Fyrirmæli um skipulagt vinnuverndarstarf	*	*	*	370	407
Önnur fyrirmæli	319	357	328	7	11
Fyrirmæli samtals	4.423	4.923	4.973	5.026	5.164
Ábendingar um bættu hollustuhætti	276	169	159	733	569
Ábendingar um öryggi	413	414	344	516	679
Ábendingar um bættan aðbúnað	155	129	109	177	140
Ábendingar um skipulagt vinnuverndarstarf	*	*	*	283	688
Aðrar ábendingar	324	286	206	5	41
Ábendingar samtals	1.168	998	818	1.714	2.117
Fyrirmæli og ábendingar samtals	5.591	5.921	5.791	6.740	7.281
Notkun bönnuð - Innsiglisaðgerðir	96	125	75	21	85
Kærur	4	2	2	0	3
Ákvörðun dagsekta	0		0	1	
Þvingunaraðgerðir samtals	100	127	77	22	88

* Fyrirmæli og ábendingar um skipulagt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum voru ekki talin sérstaklega fyrir árið 2005, þau voru hluti af „Öðrum fyrirmælum og ábendingum“. Það skýrir hve „önnur fyrirmæli“ og „aðrar ábendingar“ eru fá árin 2005 og 2006 þar sem þá er búið að taka fyrirmælin og ábendingarnar um vinnuverndarstarf út úr flokknum.

innsigla hættulega vél eða stöðva starfsemi. Jafnframt er að finna sundurliðað yfirlit yfir hvaða hollustuhætti voru gefin fyrirmæli eða ábendingar um. Í töflu 3 má sjá að fyrirmælum í fyrirtækjaeftirliti hefur fjölgað lítillega frá árinu 2005. Þess ber að geta að nú í fyrsta sinn eru fyrirmæli, sem gefin voru við skoðun bændabýla, sem fór fram samkvæmt nýjum vinnuumhverfisvísi fyrir landbúnað, talin með í heildarfjölda fyrirmæla. Árið 2005 var byrjað að skrá niður fyrirmæli um skipulegt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum en slík fyrirmæli byggðust á því að undirbúningur var hafinn að því að setja reglugerð um

slíkt starf. Sú reglugerð var sett á árinu 2006 eins og áður hefur verið vikið að.

Athyglisvert er að fyrirmælum sem snúa að hollustuháttum á vinnustað hefur fjölgað verulega á undangengnum árum eða um tæp 80% frá árinu 2004 en um tæp 17% frá 2005. Skýra má fjölgun fyrirmæla um hollustuhætti með aukinni áherslu á þessa þætti í eftirlitinu undanfarin ár en einnig að vinnuumhverfisvísar starfsgreina eru nú notaðir kerfisbundið við skoðanir í fyrirtækjum.

Tafla 4. Hollustuhættir flokkaðir eftir skoðunatriðum árin 2005 og 2006.

Hollustuhættir - skoðunatriði	Fjöldi fyrirmæla		Fjöldi ábendinga	
	2005	2006	2005	2006
Vinnurými	240	220	152	88
Inniloft	396	337	151	136
Efni og efnaáhrif	366	624	193	202
Krabbameinsvaldandi efni	3	5	0	2
Líffræðilegir áhættuþættir	3	2	1	2
Lýsing	134	134	30	24
Hávaði, titringur og rafsegulsvið	46	64	175	44
Verkstöðvar – líkamlegt álag/líkamsbeiting	171	199	20	27
Félagslegur aðbúnaður	23	26	11	10
Alls	1.382	1.611	733	535

Í töflu 4 má sjá hvernig skoðunatriði, sem falla undir hollustuhætti, skiptast. Árið 2006 er fjölgun fyrirmæla, sem snúa að efnum og efnahættu og verkstöðvum og líkamlegu álagi, mest áberandi.

Ábendingum hefur fjölgað um tæpan fjórðung frá fyrra ári (sjá töflu 3) og hafa þær ekki verið jafnmargar undangengin fimm ár. Ber þar hæst fjölgun ábendinga um öryggi og vinnuverndarstarf fyrirtækja, sbr. einnig það sem segir hér að framan um fjölgun fyrirmæla.

Heildarfjöldi fyrirmæla og ábendinga varðandi vinnuverndarstarf fyrirtækja voru 1095 og fjölgaði um tæplega 70% miðað við árið á undan. Endurspeglar sá fjöldi meðal annars áherslu Vinnueftirlitsins á að fyrirtæki geri skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði ásamt því að skipaðir séu öryggisverðir og kosnir öryggistrúnaðarmenn í fyrirtækjum sem taki virkan þátt í vinnuverndarstarfinu.

Pegar lítið er til fyrirmæla og ábendinga samanlagt hefur orðið um 8% fjölgun þeirra miðað við árið 2005. Kemur það heim og saman við þá fjölgun sem hefur orðið í reglubundnum skoðunum fyrirtækja.

Þvingunaraðgerðum hefur fjölgað miðað við árið á undan og má það að hluta til rekja til aukinnar áherslu á eftirlit í bygginga- og mannvirkjagerð, þar sem langflest slysin verða, sem getur m.a. leitt til banns við vinnu ef unnið er við hættulegar aðstæður eins og áður greindi.

Vinnuvélaeftirlit

Stór þáttur í eftirlitsstarfinu er eftirlit með því að hinar ýmsu tegundir vinnuvéla og tækja séu öruggar. Misjafnt er eftir vélum hvað skoðað er en almennt eru þær skoðaðar með tilliti til að þær séu öruggar í notkun í vinnu. Sumum vélum er hægt að aka á milli staða og þá eru þær skoðaðar með hliðsjón af því, t.d. bremsur og stýribúnaður. Sem dæmi um atriði sem skoðuð eru má nefna lyftivíra, öryggisbúnað, burðarvirki, mannkörfur, stjórnúnaður, vinnuljós o.fl., allt eftir því um hvers konar vinnuvél og tæki er að ræða hverju sinni.

Vinnueftirlitið

Gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda vinnuvéla og tækja sem skráð eru hjá Vinnueftirlitinu. Vinnuvélum fjölgaði um 2634, fólks- og vörulyftum um 223 og bílalyftum um 75 á árinu.

Nýskráningar fara oft fram eftir áramót þótt dagsetningar miðist við fyrra ár. Það skýrir að tölur fyrri ára breytast oft þegar nýjar ársskýrslur koma út.

Skráðar	2002	2003	2004	2005	2006
Vinnuvélar (67 flokkar mism. véla)	12.791	13.588	14.159	16.007	18.118
Skíðalyftur (3 flokkar)	74	74	66	68	63
Fólks- og vörulyftur (5 flokkar)	1.875	1.942	2.025	2.150	2.373
Bílalyftur	1.064	1.081	1.133	1.208	1.283
Eimkatlar og þrýstihylki og geymar	552	577	608	618	620
Samtals skráðar vinnuvélar og tæki í árslok	16.356	17.262	17.991	20.051	22.457
Nýskráningar á árinu	1.093	1.384	1.560	2.319	2.634
Endanlegar afskráningar á árinu	433	476	859	483	547
Tímabundnar afskráningar á árinu	337	343	448	262	244
Skráð eigendaskipti á árinu	2.075	3.119	3.016	3.759	4.725



Beltagrafa notuð við hífingar.

Skoðanir vinnuvéla og tækja*	2002	2003	2004	2005	2006
Reglubundnar skoðanir	11.802	12.386	13.326	13.962	14.279
Endurskoðanir	530	405	534	450	393
Aðrar skoðanir	1.550	1.546	2.174	1.908	2.051
Samtals	13.882	14.337	16.034	16.320	16.723

Niðurstöður skoðana					
Full skoðun – án athugasemda	10.915	11.417	12.257	13.015	13.570
Hálf skoðun	1.925	1.851	2.173	2.095	2.021
Notkun bönnuð	1.017	1.061	1.588	1.197	1.114
Innsiglað	26	8	16	13	18
Samtals	13.882	14.337	16.034	16.320	16.723

* þ.e. lyftur, þrýstihylki, eimkatlar og geymar

Skoðunarskyldar vinnuvélar voru 16264 árið 2006 en reglubundnar skoðanir voru 11.483. Skoðunarhlutfall var því 70,6%, sjá eftirfarandi töflu.

Skoðunarskyld tæki voru 4276 en reglubundnar skoðanir 2.796. Skoðunarhlutfall var því í þessu tilviki 65,4%, sjá eftirfarandi töflu.

Vinnuvélar til skoðunar	Skráð 31.12.2006	Reglubundnar skoðanir 2006	Skoðunarhlutfall 2006
Höfðuðborgarsvæðið	7.887	5.824	73,9 %
Landsbyggðin	8.377	5.655	67,5 %
Samtals vinnuvélar	16.264	11.483	70,6 %
Tæki			
Fólks-/vöru-/hjólalast.lyftur*	2.373	1.949	82,1 %
Bílalýftur*	1.283	556	43,3 %
Eimkatlar, þrýstihylki, geymar	620	291	46,9 %
Samtals tæki	4.276	2.796	65,4 %

* Vöru- og bílalýftur eru skoðaðar annað hvert ár.

Vinnueftirlitið



Guðbrandur Árnason annaðist markaðseftirlit.
Ljósmynd: Pétur Böðvarsson

Markaðseftirlit

Markaðseftirlit var framkvæmt svo sem verklagsreglur mæla fyrir um. Eftirlitið fól í sér, m.a.:

- heimsóknir í fyrirtæki og verslanir,
- úrtakskönnun á garðyrkjuvélum í samráði við tæknideild,
- frágang skýrslu um niðurstöður úrtakskönnunar á rykgrímum,
- fundi í samvinnunefnd Neytendastofu og Vinnueftirlitsins um persónuhlífar.
- úrlausn mála sem bárust frá öðrum deildum,
- úrlausn mála sem bárust símleiðis og bréflaga frá fyrirtækjum innanlands og utan.

Farnar voru 458 heimsóknir, þar af 78 endurheimsóknir og 380 skoðunarferðir. Í þessu eftirliti var m.a. bönnuð markaðssetning á vélum og persónuhlífum sem uppfylltu ekki gildandi reglur um CE-merki um samræmi.

Úrtakskönnun á rykgrímum í samvinnu við Neytendastofu fór fram á tímabilinu september til nóvember 2005 og náði eingöngu til rykgrímna sem falla undir staðalinn ÍST EN 149. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar lá fyrir á árinu 2006. Alls voru 16 fyrirtæki heimsótt og hjá þeim skoðaðar samtals 50 gerðir af rykgrímum. Niðurstöður voru þær að CE-merkingu vantaði í 14% tilfella. Verndarflokk vantaði í 16% tilfella. Síðasta söludag vantaði í 21% tilfella. Íslenskar leiðbeiningar vantaði í 85% tilfella og EB- samræmisýfirlýsingu vantaði í 74% tilfella.

Á árinu var gerð úrtakskönnun á garðyrkjuvélum. Alls voru 9 fyrirtæki heimsótt og hjá þeim skoðaðar 185 gerðir véla og tækja, þ.e. sláttuvélar, sláttutraktorar, sláttuorf, hekkklippur og greinakurlarar. Niðurstöður könnunarinnar voru að allar vélar og tæki reyndust vera CE- merkt, íslenskar leiðbeiningar vantaði í 70% tilfella og leiðbeinandi tákmyndir vantaði í 59% tilfella.

Í kjölfar niðurstaðna úr ofangreindum úrtakskönnunum var í öllum tilvikum gerð krafa til fyrirtækjanna um að þau gerðu úrbætur fyrir ákveðinn tíma.

Umsagnir og leyfisveitingar

Samkvæmt lögum og reglum um húsnæði vinnustaða er það hlutverk Vinnueftirlitsins að gefa umsagnir og starfsleyfi til nýrra og breyttra vinnustaða til að tryggja að vinnuumhverfið sé lögum og reglum samkvæmt.

Reglugerð nr. 238/1986 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni kveður á um að óheimilt sé að tollafgreiða varnarefni nema leyfi Vinnueftirlitsins liggi fyrir. Með varnarefni er átt við t.d. plöntulyf, illgresiseyði og útrýmingarefni.

Samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni skal sýslumaður leita umsagnar Vinnueftirlitsins um hæfi einstaklings sem vill fá leyfi til að stunda sprengivinnu áður en sprengileyfið er gefið út.

Í eftirfarandi töflu sést umfang umsagna, starfsleyfa, leyfa vegna varnarefna og sprengileyfa á árunum 2002-2006.

Umsagnir og leyfisveitingar	2002	2003	2004	2005	2006
Umsagnir og starfsleyfi vegna nýrra og breyttra vinnustaða	136	147	164	167	181
Umsagnir vegna gisti- og veitingaleyfa	472	559	536	477	532
Samtals vegna nýrra og breyttra fyrirtækja	608	706	700	644	713
Leyfi vegna innflutnings varnarefna	47	42	38	43	23
Umsagnir til sýslumanna vegna sprengileyfa til einstaklinga	13	40	36	16	28
Samtals vegna efnanotkunar	63	63	91	59	51

Vinnueftirlitið

Þjónustuaðilar



Þeir sem skipuleggja nýtt atvinnuhúsnæði eða breyta gömlu þurfa að leggja fram teikningar og fá samþykki Vinnueftirlitsins. Ljósmynd: Hafdís Sverrisdóttir.

Samkvæmt 66. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum getur atvinnurekandi leitað aðstoðar við gerð áætlunar um áhættumat hjá þjónustuaðilum sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlitsins. Nokkuð margir aðilar hafa sótt um slíka viðurkenningu og eins og sjá má á heimasíðu Vinnueftirlitsins hafa allmargir fengið hana (sjá: <http://www.vinnueftirlit.is/is/flytileidir/thjonustua-dilar%5Fi%5Fvinnuvernd/>).

Unnið hefur verið að því að skrifa reglugerð þar sem kveðið verður nánar á um það hvaða kröfur skal gera til þeirra sem hljóta viðurkenningu Vinnueftirlitsins. Fram til þessa hefur það verið látið nægja að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi eða samsvarandi námi á heilbrigðisviði, í félagsvísindum, á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði. Vinnuvernd er á hinn bóginn svið sem krefst sérþekkingar eins og önnur sérsvið. Vegna þess að reglugerðin hefur enn ekki verið sett og kröfur því óljósar fá þeir, sem sækja um viðurkenningu, aðeins viðurkenningu til eins árs í senn.

Átaksverkefni

Vinnuverndarvikan 2006 Örugg frá upphafi! Ungt fólk og vinnuvernd

Vinnuverndarvikan 2006 var helguð ungu fólki 25 ára og yngra og var yfirskrift hennar „Örugg frá upphafi“. Markmið með vinnuverndarvikunni var í fyrsta lagi að auka þekkingu ungs fólks á vinnuvernd og stuðla að því að þau séu „örugg“ frá upphafi starfsævinnar. Notkun á orðinu „öruggi“ vísar til öryggismála en einnig sjálföryggis og vellíðanar í vinnu. Í öðru lagi var markmiðið að auka meðvitund í þjóðfélaginu um réttindi, skyldur og sérstöðu ungs fólks á vinnumarkaði.

Helstu viðburðir á árinu 2006 tengdir vinnuverndarvikunni

- Kynning á Íslandsmóti iðnnema 31. mars á vinnuvernd og reglum um vinnu barna og unglunga.
- Viðtöl í fjölmiðlum í apríl við starfsfólk Vinnueftirlitsins um réttindi og skyldur ungs starfsfólks
- Dreifibréf og fræðslupakki um vinnuvernd og ábyrgð og skyldur leiðbeinenda, barna og ungmenna sendur í júní til vinnuskóla sveitarfélaga.
- Dreifibréf og veggspjald í júní til stjórnenda matvöruverslana, skyndibitastaða og dreifingar aðila blaða og pósts í samstarfi við Umboð mann barna og Vinnumálastofnun um helstu atriði í reglum um vinnu barna og unglunga.
- Eftirlitsátak í matvöruverslunum um sumarið í um 150 verslunum (einkum matvöruverslunum) og skyndibitastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Aflað var upplýsinga um aldur, verkefni og viðnátt ungmenna. Í ljós kom að í 14% tilvika voru starfsmenn á afgreiðslukössum yngri en 15 ára og höfðu því ekki náð tilskildum aldri til að mega vinna við kassa.
- Fundir í september með forsvarsmönnum matvörukeðja og þeim kynnt helstu atriði reglna um vinnu barna og unglunga og ýmis atriði sem lúta að vinnuvernd ungra starfsmanna.



Lógó vinnuverndarvikunnar 2006.

- Útgefið um haustið veggspjald með skilaboðum til ungs fólks, svo og tveir bæklingar, *Örugg frá upphafi*, annar ætlaður ungmönnum en hinn atvinnurekendum. Í þeim er lögð áhersla á réttindi, skyldur, hættur, forvarnir og vellíðan nýliða.
- Haldinn var upplýsingafundur í desember með forvarnadeild lögreglunnar um vinnu barna og ungmenna.
- Viðurkenningar veittar til fyrirtækja, sjá nánar hér á eftir.
- Myndbanda- og veggspjaldakeppni meðal grunn- og framhaldsskólanema, sjá nánar hér á eftir.

Sjálf vinnuverndarvikan

Í vikunni 22.–27. október náði fræðslu- og upplýsingastarfsemi átaksins hámarki en í þeirri viku heimsóttu eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins vinnustaði og dreifðu ýmsu upplýsinga- og fræðsluefni.

Mánudaginn 23. október og þriðjudaginn 24. október var haldinn hádegisfyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í vinnuvernd í HÍ. Fyrirlesari var Margrét Einarsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði og bar erindi hennar yfirskriftina *Til hvers löggjöf um vinnu barna og unglunga?*

Vinnueftirlitið



Morgunverðarfundur var haldinn á Grand hóteli 24. október. Fundurinn var öllum opin og var hann vel sóttur. Flutt voru erindi um vinnuaðstæður ungs starfsfólks. Fyrirlesarar voru Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri Vinnuverndarvinnunar, sem fjallaði um vinnuverndarvinnuna, Arngrímur Vídalín Stefánsson nemi sagði frá eigin reynslu á vinnumarkaði, Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri Alþjóðahúss flutti erindið Ungir innflytjendur á vinnumarkaðinum, Jón Sigurðsson frá Rannsóknunum og greiningu sagði frá rannsóknum á vinnu nemenda með námi og Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins, flutti erindi um ungt fólk og vinnuslys.

Á ársfundi ASÍ, sem stóð miðvikudag og fimmtudag, var haldin sýning á myndböndunum og veggspjöldunum sem hlutu viðurkenningar.

Viðurkenningar veittar

Burger King og Orkuveita Reykjavíkur fengu viðurkenningu á morgunverðarfundinum fyrir að vera góðar fyrirmyndir í að skapa ungu fólki gott vinnuumhverfi og stuðla að því að þau séu örugg frá upphafi starfs. Fengu fulltrúar frá fyrirtækjunum afhent viðurkenningarskjal af þessu tilefni.

Ævar Olsen, forstöðumaður Burger King, og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar tóku við viðurkenningu til fyrirtækjanna fyrir að vera góðar fyrirmyndir. Með þeim á myndinni er Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri vinnuverndarvinnunnar.



Nemendur 6.-8. bekkjar grunnskólans að Hólum í Hjaltadal fengu 1. verðlaun fyrir veggspjald. Með þeim á myndinni eru kennarar þeirra.



Ungmennni frá Félagsmiðstöðinni Selinu fengu verðlaun fyrir myndband.

Myndbanda- og veggspjaldakeppni var haldin um haustið meðal grunn- og framhaldsskólanema (20 ára og yngri) um hugmyndir þeirra um vinnuvernd. Leitað var eftir frumleika og vönduðum vinnubrögðum. Keppnin var haldin í samstarfi við Lýðheilsustöð, Græna krossinn og BT. Verðlaun voru veitt á morgunverðarfundinum.

Fyrstu verðlaun í myndbandakeppninni hlaut nemendahópur frá kvikmyndaklúbbi Félagsmiðstöðvarinnar Selsins; 2. verðlaun hlaut nemendahópur úr Flensborgarskóla; 3. verðlaun fengu tveir nemendur í 7. bekk Hólaskóla í Hjaltadal. Fyrstu verðlaun í veggspjaldakeppninni fengu nemendur í 6.-8. bekk grunnskólans að Hólum í Hjaltadal; 2. verðlaun fékk nemandi í 9. bekk Hlíðaskóla og 3. verðlaun einn nemandi í Fjölbautarskóla Suðurnesja.

Alþjóðleg upplýsingasiða um Evrópsku vinnuverndarvikuna 2006 er: <http://ew2006.osha.europa.eu/>

Vinnueftirlitið



Erlendir starfsmenn að störfum á byggingarvinnustað á Íslandi. Ljósmynd: Sigfús Sigurðsson

Byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð

Margar stærri byggingarframkvæmdir sem unnið hefur verið að á síðasta ári og reyndar undanförunum árum hafa að nokkuð miklu leyti verið unnar af erlendu starfsfólki. Í því sambandi má nefna sérstaklega stórar framkvæmdir s.s. Kárahnjúkavirkjun, álver Fjarðaáls á Reyðarfirði, Hellsheiðarvirkjun, Héðinsfjarðargöng, stækkun Norðuráls á Grundartanga, Reykjanesvirkjun, stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli og tónlistarhús á hafnarsvæði Reykjavíkur þar sem framkvæmdir hófust á árinu. Auk þessara stóru framkvæmda var mikil vinna við íbúðar- og iðnaðarhúsnæði víða um land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, þar sem erlent vinnuafli var hátt hlutfall starfsmanna.

Ljóst er að víða er erlendum starfsmönnum, sem starfa í byggingariðnaði hér á landi, e.t.v. tímabundið, ekki ljóst hver þeirra réttur er samkvæmt vinnuverndalögunum og fjölmörgum reglum samkvæmt þeim. Er þetta þeim mun alvarlegra sem vitað er að flest vinnuslys verða í byggingariðnaði. Hefur því sérstök áhersla verið lögð á að ná sambandi við byggingarverkamenn af erlendu bergi brotnu og á árinu var undirbúin útgáfa á sérstöku fræðsluefni á mörgum tungumálum fyrir erlent starfsfólk sem starfar í byggingariðnaði. Markmiðið með slíku efni er að auðvelda erlendum starfsmönnum að átta sig á ýmsum þáttum sem varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggismál þeirra.

Áætlun um öryggi og heilbrigði - forvarnir

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum var gefin út af félagsmálaráðherra í nóvember 2006 en þá hafði nefnd á vegum stjórnar Vinnueftirlitsins unnið að undirbúningi hennar í nokkur misseri. Markmið nýrrar reglugerðar er að koma á kerfisbundnu vinnuverndarstarfi á vinnustöðum og að tryggja markvissar forvarnir sem stuðla að heilbrigði, öryggi og vellíðan starfsmanna á vinnustað.

Fyrirtækjum er nú skylt að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Felur það meðal annars í sér að atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt áhættumat sem tekur til allra vinnuaðstæðna og áætlun um heilsuvernd/forvarnir. Skulu öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir fyrirtækisins taka þátt í þeirri vinnu. Ýmis fyrirtæki hafa hafist handa við þessa vinnu og þegar gert áhættumat og áætlun um forvarnir en önnur eru skemmra á veg komin.

Á árinu 2006 voru hin nýju ákvæði og aðferðir við áhættumat kynntar meðal fjölmargra hópa, fyrirtækja og á námskeiðum Vinnueftirlitsins fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Jafnframt voru haldin fimm sérnámskeið um gerð áhættumats og áætlunar um forvarnir víðs vegar um land. Eftirlitsmenn stofnunarinnar unnu einnig ötult kynningarstarf í eftirlitsheimsóknum sínum á vinnustaði. Margir hafa jafnframt leitað upplýsinga hjá Vinnueftirlitinu um þessi mál.

ÁHÆTTUMAT



**Skrifleg áætlun um
öryggi og heilbrigði
á vinnustað**

Vinnueftirlitið



Vinnuaðstæður kennara voru m.a. í brennidepli hjá Vinnueftirlitinu árið 2006. Ljósmynd: Jón Svavarsson

Vinnuverndaráttak í grunnskólum

Á árinu 2005 var ákveðið að gera áttak í vinnuvernd í grunnskólum sem skyldi framkvæmt skólaárið 2005–2006. Markmið verkefnisins var að upplýsa stjórnendur grunnskólanna um skyldur þeirra varðandi vinnuvernd í skólunum og hvetja þá til að koma á virku innra vinnuverndarstarfi og hjálpa þeim fyrstu skrefin.

Áttakinu var skipt í tvennt: annars vegar upplýsingaáttak og hins vegar eftirlitsáttak. Í upplýsingaáttakinu var sett upp heimasíða um skólavinnu- umhverfi, búnir til gáttlistar, skrifaðar greinar o.fl. Jafnframt var skólastjórnendum kynnt vinnuvernd í skólum, gefnar upplýsingar um áttakið, heimasíðuna, efni um vinnuvernd, reglur sem snerta efnið o.fl.

Eftirlitsáttakið, sem framkvæmt var í febrúar og mars 2006 á öllu landinu, fólst í venjubundinni heimsókn eftirlitsmanna í flesta grunnskóla landsins. Í þessum heimsóknum voru settar fram kröfur um að öryggistrúnaðarmenn yrðu kosnir og öryggis- verðir skipaðir þar sem þessa aðila vantaði og jafnframt um að þeir sæktu námskeið í vinnuvernd. Gefnar voru upplýsingar um ný ákvæði laga um áætlun um öryggi og heilbrigði, þ.m.t. um gerð áhættumats, bent á fyrirliggjandi rit um efnið og gefin fyriræmi um undirbúning slíkrar áætlunar.

Haldið var námskeið fyrir starfsmenn Menntasviðs Reykjavíkur til að þeir gætu síðan aðstoðað skólastjórnendur við áhættumatsgerðina.

Þegar þetta er skrifað (haustið 2007) hefur þegar verið gert áhættumat í mörgum skólum á landinu og aðrir eru á undirbúningsstigi hvað þetta varðar.

Gefinn var út bæklingurinn *Raddheilsa kennara* eftir dr. Valdísi Jónsdóttur með upplýsingum og leiðbeiningum til kennara um notkun raddarinnar sem er þeirra aðalkennslutæki.

Evrópskt asbestáttak

Á árinu 2006 var haldið sérstakt eftirlits- og upplýsingaáttak á Evrópska efnahagssvæðinu sem beindist að vinnu með asbest og meðhöndlun þess. Markmiðið með áttakinu var að vekja athygli á að vernda þarf heilbrigði starfsfólks þar sem viðhald, niðurrif, brottflutningur eða förgun efna, sem innihalda asbest, fer fram. Markmiðið var einnig að fylgjast með að reglum um asbest, sem gilda á efnahagssvæðinu, sé fylgt. Framkvæmdin var í höndum vinnueftirlitsstofnana í hverju ríki. Skipaður var fjögurra manna verkefnahópur hjá Vinnueftirlitinu til að sjá um framkvæmd áttaksverkefnisins hér á landi. Undirbúningur áttaksins stóð yfir fyrir hluta ársins, en áttakið sjálft hófst í september og stóð yfir til ársloka.

Gefinn var út upplýsinga- og fræðslu- bæklingur um asbest og var hann sendur út til þeirra sem málið varðar, einkum til aðila í byggingariðanaði, s.s. til verktaka, verkkaupa, atvinnurekenda og annarra sem líklegir eru til að þurfa að vinna við eða sjá um að fjarlægja asbest. Eftirlitsmenn dreifðu einnig bæklingnum í heimsóknum sínum á byggingarvinnustaði um land allt. Þá sóttu allir eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins sérstakt námskeið um asbest sem sérfræðingar hjá Vinnueftirlitinu halda reglulega fyrir verktaka og starfsmenn þeirra og aðra þá sem þurfa að fá leyfi til að vinna við að fjarlægja asbest eða vinna við það. Skrifuð var grein um áttaksverkefnið í fréttablaðið um vinnuvernd og fjölmiðlum voru sendar upplýsingar um áttakið. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins voru settar inn ýmsar upplýsingar um asbest og tenging sett upp við evrópska heimasíðu verkefnisins.

BB-verkefnið Betri líðan – Bættur hagur: TR-mælir og Elmeri

Samstarfsverkefni Samiðnar, Samtaka iðnaðarins og Vinnueftirlitsins, sem hófst árið 2003 var framhaldið á árinu 2006 en því er ætlað að stuðla að bættri frammistöðu fyrirtækja í vinnuverndarmálum í byggingar- og málmíðnaði. Í upphafi verkefnisins voru tvö finnsk verkfæri til að fylgjast með stöðu og framgangi vinnuverndarmála í fyrirtækjum þýdd, staðfærð og prófuð í völdum tilraunafyrirtækjum. Þessar aðferðir reyndust einfaldar í notkun og höfðu jákvæð áhrif á öryggishegðun og viðhorf starfsmanna gagnvart vinnuvernd. Mikilvæg niðurstaða var að sýnilegur stuðningur og eftirfylgni stjórnenda skiptir sköpum við innleiðingu hinna nýju aðferða og virkar hvetjandi þannig að allir keppi að sama marki.

Á árinu 2006 var unnið að lokafrágangi á námskeiðsefni og gengið frá samningi við Menntafélag iðnaðarins um að það bjóði upp námskeið og leiðsögn fyrir fyrirtæki sem áhuga hafa á að nota TR-mælinn og Elmeri-aðferðina í vinnuverndarstarfi sínu. Er áhugasömum bent á að hafa samband við Menntafélagið um frekari upplýsingar.

Hraust saman Heilsuefling á vinnustöðum með áherslu á smáa og meðalstóra vinnustaði á landsbyggðinni

Fjarkennsluverkefnið *Hraust saman (Healthy Together)*, sem Vinnueftirlitið stýrir, hlaut á árinu styrk úr Leonardo da Vinci-starfsmenntáætluninni til tveggja ára (október 2006 – október 2008). Þrjú Evrópulönd taka þátt í verkefninu. Íslenskir aðilar að verkefninu eru: Vinnueftirlitið (verkefnisstjórn) Háskólinn í Reykjavík og Lýðheilsustöð. Frá Írlandi taka Health Services Executive í Galway og National University of Ireland, sömuleiðis í Galway, þátt í verkefninu og fulltrúi Ítala er University of Perugia.

Markmið verkefnisins Hraust saman er að stuðla að bættri heilsu vinnandi fólks í litlum og meðalstórum vinnustöðum, þ.m.t. á landsbyggðinni.



Healthy Together

Lógó verkefnisins Hraust saman – Healthy Together.

Útbúið verður fjarkennsluefni og haldið námskeið í öllum þáttökulöndum verkefnisins um forvarnir og heilsueflingu á vinnustöðum. Námskeiðið er ætlað starfandi þjónustuaðilum í vinnuvernd, þeim sem áhuga hafa á að sinna slíkum verkefnum sem og stjórnendum á vinnustöðum. Helsta nýlunda verkefnisins er að skapaður verður vettvangur þar sem hagsmunaaðilar, þ.m.t. á landsbyggðinni, geti lært hvernig megi efla heilsu vinnandi fólks í litlum og meðalstórum vinnu-stöðum og nýta til þess þau úr-ræði sem eru til staðar í þeirra heimabyggð.

Nánari upplýsingar um Hraust saman-verkefnið er að finna á vefsíðu verkefnisins: www.healthy2gether.net.

Símenntun starfsmanna

Á árinu 2005 var sótt um styrk til Próunarsjóðs Starfsmannafélags ríkisins (PRÓSÍ) til að koma af stað námskeiðum í eftirlitsfræðum. Þetta hugtak felur í sér marga þekkingarþætti sem eftirlitsmenn þurfa að hafa á valdi sínu, t.d. varðandi vélar og vélaöryggi, líkamsbeitingu, hávaða, inniloft, félagslega áhættuþætti (t.d. streitu, kynferðislega áreitni og einelti og aðra samskiptaörðugleika), heilsuvernd á vinnustað, slys, áhættumat o.m.fl.

Í janúar 2006 var veittur til þessa verkefnis 2,5 milljónir króna. styrkur. Eftirfarandi námskeiðum var í kjölfar þessa ýtt úr vör:

Fyrir fulltrúa á umdæmisskrifstofum Vinnueftirlitsins.

- PEP-námskeið (Personal Efficiency Program).
Fjallað var um skjalavörslu, vinnubrögð, forgangsörðun verkefna, síma-vörslu o.fl.
Leiðbeinandi: Rósa Kristín Benediktsdóttir, ráðgjafi f.h. IBT á Íslandi.

Vinnueftirlitið



Eftirlitsmenn og þeir starfsmenn Vinnueftirlitsins fóru í heimsókn í Lagnakerfamiðstöðina en það var liður í námskeiði fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjum. Ljósmynd: Kristján Ottósson.

Fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjum:

- Lýsing. Leiðbeinandi: Ásgrímur Jónasson, rafmagnsiðnfræðingur og kennari við Iðnskólann.
- Textagerð og skráning í nýtt rafrænt eftirlits skýrsluferfi: Leiðbeinandi: Bjarni Ólafsson, íslenskufræðingur og kennari við MH og Endurmenntun HÍ.
- Hávaði – fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjaeftirliti. Leiðbeinandi: Gunnar H. Pálsson, byggingaverkfræðingur hjá Önn.
- Heyrn og hávaði og uppbygging eyrans – fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjaeftirliti. Leiðbeinandi: Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinastöðinni
- Mæliaðferðir og reglur – fyrir eftirlitsmenn í fyrirtækjaeftirliti. Leiðbeinandi: Sigurður Karlsson, tæknifræðingur hjá Vinnueftirlitinu.
- Góðar lausnir. Skoðunarferð í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar. Leiðbeinandi: Jóhann Einarsson, einn af arkitektum hússins.
- Hiti, raki, dragsúgur o.fl.. Leiðbeinandi: Björn Marteinson, arkitekt og verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
- Áhrif hita, kulda og raka á manninn. Leiðbeinandi var Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

- Lagnakerfi. Farið var í skoðunarferð í Lagnakerfa miðstöð Íslands þar sem sett hafa verið upp hin ýmsu loftræsikerfi og tæki í tengslum við innloft á vinnustöðum. Leiðbeinandi var Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnakerfamiðstöðvarinnar.

Á árinu var haldið áfram með netnámskeið fyrir starfsmenn Vinnueftirlitsins, þ.e. um kennslu og kennslutækni, innloft, efni og efnanotkun, einelti og áhættumat. Námskeið þessu voru sett á Innranet stofnunarinnar.

Samið var við Tölvunám.is um netnámskeið fyrir 24 starfsmenn Vinnueftirlitsins og gátu starfsmenn eftir þörfum valið um nokkur námskeið. Tíu félagar í SFR meðal starfsmanna hófu einnig tölvunámskeið hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt

Af ofanrituðu má sjá að áður nefndur styrkur frá PRÓSÍ kom í afar góðar þarfir og nýttist eins og best verður á kosið.

Atvinnusjúkdómar og vinnuslys

Alls bárust 14 tilkynningar á árinu 2006 vegna atvinnusjúkdóma. Má skipta þessum tilkynningum í þrennt:

1. Fimm tilkynningar bárust vegna húðsjúkdóms; þrjú tilfalli þar sem bein tenging var við efnanotkun á vinnustaðnum þar sem reka mátti sjúkdóminn til ákveðins efnis en í tveimur tilfellum var ljóst að sjúkdómur orsakaðist af efni á vinnustað en ekki var hægt að skera úr um hvaða efni væri um að ræða.
2. Þá bárust fjórar tilkynningar vegna lungnasjúkdóma og er vert að vekja athygli á að í tveimur þeirra var um alvarlega sjúkdóma að ræða sem rekja má til asbests. Undirstrikar þetta hversu mikilvægt það er að halda áfram forvarnarstarfi gagnvart vinnu með asbest og rétt er að benda á hve áriðandi það er að menn hafi tilskilin réttindi ef vinna á með asbest.
3. Þá bárust fimm tilkynningar vegna atvinnutengdra smitsjúkdóma.
4. Þessar tilkynningar – þó fáar séu – undirstrika hve mikilvægt það er að sinna smitvörnum meðal þeirra sem atvinnu sinnar vegna eru í tengslum við mögulega sóttnæmar bakteríur.

Fjórtán tilkynningar vegna atvinnusjúkdóma eru sennilega ekki nema brot af atvinnusjúkdómum hérlandis – því miður. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins má finna lista Evrópusambandsins yfir atvinnusjúkdóma. Þeir sem vinna við að gera áhættumat fyrir fyrirtæki og heilbrigðisstarfsfólk eru hvattir til að kynna sér þann lista. Ljóst þykir að betri meðvitund allra um atvinnusjúkdóma er til þess fallin að bæta mjög vinnuumhverfi á vinnustöðum landsins.

Vinnuslys


Á árinu 2006 var heildarfjöldi vinnuslysa svipaður og árið áður eins og sést á meðfylgjandi yfirlitstöflu yfir fjölda vinnuslysa eftir kyni og atvinnugrein.

Tilkynnt vinnuslys meðal karla voru alls 1310 talsins en meðal kvenna 399. Fjöldi slysa í byggingariðnaði var áberandi eins og árin á undan eða alls 564 slys. Meðal kvenna voru slys í opinberri þjónustu mest áberandi. Þegar þessar slysatölur eru skoðaðar verður að horfa til þess hver heildarþróun í vinnuvernd er hvað slys varðar. Þetta er nokkuð vanda

samt því allnokkur áróður hefur verið fyrir því að tilkynna vinnuslys og ef horft er til lengri tíma er því hætt við að slíkur áróður breyti tilkynningarvenjum fyrirtækja. Hér er gerð tilraun til að meta hver þróunin hefur verið með því að horfa á fjölda tilkynntra beinbrota við vinnu yfir 10 ára tímabil með hliðsjón af fjölda starfandi manna í landinu.

Eins og sést þá er fjöldi beinbrota meðal kvenna á milli 67 og 87 á hverjar 100.000 starfandi konur og á meðal karla á milli 203 og 270 á hverja 100.000 starfandi. Því miður er ekki að sjá að þróunin sé í átt til færri beinbrota á hverja 100 þúsund starfandi, hvorki meðal karla né kvenna. Þetta bendir til þess að vinnuvernd sé áfram í vörn og að okkur hafi ekki tekist að ná þeim árangri sem að var stefnt, þ.e. að fyrir hvert ár, sem líður, séu æ færri slys og þá sérstaklega æ færri alvarleg slys.

Beinbrot á hverja 100.000 starfandi í landinu



Vinnueftirlitið

Vinnuslys 2007 flokkuð eftir starfsemi höfuðstöðva fyrirtækis*						
	2004		2005		2006	
	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur
Ál- og járnblendiiðnaður	20	3	24	8	37	9
Bílgreinar	8	0	9	0	5	0
Bygging og viðgerð mannvirkja	662	14	513	14	550	14
Efnaiðnaður	18	11	20	6	11	5
Fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur	7	1	5	4	9	3
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar	61	48	43	38	51	32
Fiskiðnaður; síldarsöltun, fiskimj.v. o.fl.	11	2	13	7	15	7
Fiskveiðar	4	2	3	0	10	10
Fjarskipta- og póstpjónusta	26	53	34	52	32	40
Flutningastarfsemi o. fl.	81	14	74	12	71	13
Framkvæmdir opinberra aðila o. fl.	26	5	19	4	14	5
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	1	18	3	22	4	21
Götu og sorphreinsun	1	0	7	1	3	0
Heildverslun	53	9	66	17	60	18
Landbúnaður	14	0	6	3	11	5
Matvælaiðnaður; vinnsla landbúnaðarafurða	77	29	53	24	66	26
Matvælaiðnaður; önnur en vinnsla landb.af.	12	11	5	3	14	1
Málmsmíði, vélav., skipasmíði og skipav.	105	0	82	1	92	2
Menningarstarfsemi	11	1	8	3	10	5
Opinber stjórnýsla	47	48	57	38	76	50
Opinber þjónusta o.fl.	24	105	24	93	19	88
Pappírsvöruiðnaður	3	3	5	2	4	0
Peningastofnanir	0	2	1	3	2	0
Persónuleg þjónusta önnur en bílaþjónusta	16	16	9	7	3	6
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	29	4	20	3	12	2
Rekstri hætt eða hann liggur niðri	5	1	9	1	4	0
Smásöluverslun	18	14	11	13	17	17
Steinefnaiðnaður	20	1	25	1	27	1
Trjávöruiðnaður	8	0	17	0	13	0
Tryggingar	0	1	0	0	0	2
Varnarlið og ísl. starfsl. erl. sendir.	9	2	4	1	1	2
Vefjariðnaður	4	2	4	0	0	0
Veitinga- og hótélrekstur	4	12	6	16	9	3
Ýmiss iðnaður og viðgerðir	3	0	3	2	4	1
Óviss starfsemi	30	16	37	9	54	8
Samtals	1423	448	1219	408	1310	499

*Ef starfsemi höfuðstöðvar liggur ekki fyrir er flokkað eftir útibúi (skoðunareiningu). Ef upplýsingar um hvorugt liggja fyrir fellur starfsemi undir liðinn óviss starfsemi

Banaslys

Á árinu létust 6 manns í vinnuslysum:

1. Þann 6. febrúar 2006 lést 67 ára bifreiðastjóri er hann vann undir tengivagni dráttarbíls. Tengivagninum hafði verið bakkað upp á sliskjur á plani við íbúðarhús þegar vagninn rann fram af sliskjunum og hann klemmdist undir vagninum.
2. Þann 27. mars 2006 lést 26 ára starfsmaður verktakafyrirtækis er unnið var við undirbúning sprengingar í bergi í aðgöngum 4 í Desjarárdal. Hann, ásamt samstarfsmönnum sínum, var að koma fyrir sprengihleðslum, þ.e. dýnamíttúpum, í til þess gerðum borholum í stafni ganganna. Sprenging varð við eina holuna sem hann vann við og varð hann undir grjóti sem hrundi úr stafninum.
3. Þann 2. apríl 2006 lést 33 ára starfsmaður verktakafyrirtækis er hann vann á beltagröfu í grjót-námu við Desjarárstíflu við að hreinsa laust grjót er sprengt hafði verið úr bergstalli námunnar. Grafa mannsins valt á hliðina og lenti stjórnhús hennar á stórum steini þannig að stjórnhúsið klemmdist saman með ofangreindum afleiðingum.
4. Þann 25. júlí 2006 lést 49 ára erlendur starfsmaður verktakafyrirtækis er hann við vinnu sína í u.þ.b. 8,5 m hæð við tengivirki Hellsheiðarvirkjunar féll til jarðar af vörubretti á göfllum lyftara sem valt á hliðina.
5. Þann 26. ágúst 2006 lést 46 ára bifreiðastjóri vörubifreiðar, svonefndrar búkollu, er hann vann á vegum verktakafyrirtækis við flutninga á sprengigrjóti á urðunarsvæði Sorpu í Álfsnesi. Er hann bakkaði bifreiðinni við að losa efni fram af brún jarðvegshaugs fór bifreiðin fram af haugnum og rann aftur á bak niður stórgrýttan halla. Er talið að maðurinn hafi þá stokkið út úr bifreiðinni og hugsanlega lent undir henni með fyrrgreindum afleiðingum.
6. Þann 25. nóvember 2006 lést erlendur starfsmaður erlends verktakafyrirtækis er hann vann við háspennumastur og einangrunarkeðja féll úr mastrinu og lenti á honum.

Vinnueftirlitið

Fræðslu- og upplýsingastarf



Frá námskeiði fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði.
Ljósmynd: ATH. ÁSA

Námskeið, fyrirlestrar og kennsla

Viðamikilið fræðslu- og upplýsingastarf er á vegum Vinnueftirlitsins. Skal þar fyrst nefna námskeiðahald, útgáfu á fræðsluefni og vefsíðu. Einnig skal nefna fyrirlestra og kynningarfundir um hin ýmsu vinnuverndarmál og kennslu.

Vegna nýs lagaákvæðis um skyldu atvinnurekenda til að gera – eða láta gera – áhættumat og áætlun um forvarnir í fyrirtækjum voru haldin fimm sérnámskeið um þetta efni, svo og kynningarfundir um sama efni hjá nokkrum stórfyrirtækjum, stofnunum og í nokkrum deildum Háskóla Íslands. Auk þessara námskeiða voru haldin sérstök námskeið fyrir félagslega trúnaðarmenn Kennarasambands Íslands víðs vegar um landið um félagslega og andlega áhættuþætti í kennarastarfinu, fimm sérnámskeið um einelti, fjögur námskeið um vinnu með asbest, tvö námskeið um vinnuvernd almennt og tvö námskeið um vinnuvernd og vinnugleði.

Margir fræðslufundir voru haldnir hjá fyrirtækjum, skólum og stofnunum um vinnuvernd, um öryggis- og heilbrigðisáætlun við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð og um ýmsar reglur, þ. á m. um reglur um vinnu barna og unglinga hjá vinnuskólum og matvælakeðjum, um vinnu í lokuðu rými og um húsnæði vinnustaða.

Loks skal getið fjölda fyrirlestra starfsmanna Vinnueftirlitsins hjá stéttarfélögum, ýmsum vinnustöðum og ráðstefnum, hérlandis og erlendis. Þessir fyrirlestrar verða ekki tíundaðir hér nákvæmlega en sem dæmi má nefna fyrirlestra á ráðstefnum um vinnu barna og ungmenna, í tilefni af 100 ára afmæli Dagsbrúnar, um rannsóknir í félagsvísindum, málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, málefni aldraðra og erlendis árlega ráðstefnu hjá British Sociological Association og ráðstefnu í Stokkhólmi um einhæfa vinnu. Einnig tóku starfsmenn að sér kennslu í ýmsum framhaldsskólum og háskólum, t.d. í læknadeild, hjúkrunarfræðideild og félagsvísinda-deild Háskóla Íslands og í heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri (kennsluefni: vinnutengd heilsa og heilsufar mismunandi starfs- og þjóðfélagshópa). Sérfræðingur Vinnueftirlitsins tók einnig að sér próf-dómarastörf vegna meistaraþrófsverkefnis.

Reglubundin námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði eru haldin allt árið um kring (nema í sumarleyfum). Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af starfsmönnum til að sinna vinnuverndarmálum á vinnustað fyrir þeirra hönd en öryggisvörðurinn er fulltrúi atvinnurekandans og vinna þeir saman að því að tryggja öryggi, hollustuhætti og góðan aðbúnað á vinnustaðnum. Sérfræðingar Vinnueftirlitsins annast kennslu á þessum námskeiðum um alla þætti vinnuverndar. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda slíkra námskeiða og þátttakenda á síðustu 5 árum:

Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði

Ár	Fjöldi námsk.	Fjöldi þátttak.
2006	16	296
2005	18	279
2004	18	246
2003	20	251
2002	28	347

Útgáfa

Réttindanámskeið

Reglulega eru haldin námskeið sem veita starfstengd réttindi, þ.e. fyrir stjórnendur vinnuvéla, fyrir flutning á hættulegum farmi o.fl.

Nemendurnir þurfa að fara í verklega þjálfun hjá leiðbeinanda eftir að hafa lokið bóklega náminu með prófi. Þjálfunin fer fram hjá leiðbeinanda sem fengið hefur réttindi til þess frá Vinnueftirlitinu. Á árinu 2006 voru verkleg vinnuvélapróf 3656 talsins en útgefin vinnuvélaskírteini voru 2710.

Svokölluð ADR-námskeið eru fyrir þá sem flytja hættu-legan farm. Námskeið fyrir þá eru haldin reglulega, annars vegar grunnnámskeið (sem veita réttindi til flutnings á stykkjavöru), þó ekki sprengifimum eða geislavirkum efnum) og hins vegar framhalds- og endurmenntunarnámskeið. ADR-skírteini gilda í 5 ár.

Rétt.námskeið	2005		2006	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Vinnuvélanámsk.				
Stjórn. vinnuvéla	52	949	59	1173
Stjórn. bygg.krana	5	66	6	95
Önnur námskeið	6	95	17	271
Samtals	63	1110	82	1539
ADR-námskeið				
Grunnnámskeið	7	93	9	112
Endurmennt.	3	36	6	85
Framh.námsk.	12	92	14	118
Endurm. v/framh.	6	41	11	94
Samtals	28	262	40	409

Bæklingurinn *Raddheilsa kennara* var gefinn út í tengslum við vinnuverndaráttak sem ráðist var í meðal grunnskólakennara. Útgáfan var samvinnuverkefni Vinnueftirlitsins, Kennarasambands Íslands, umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar. Röddin er helsta atvinnutæki kennara, ef svo má að orði komast, og var dr. Valdís Jónsdóttir fengin til að semja leiðbeininga- og upplýsingarit fyrir kennara um röddina og beitingu hennar.

Samið var námsefni fyrir ungt fólk í vinnuvernd á rafrænu formi og var verkið unnið í samvinnu við Námsgagnastofnun sem sér um dreifingu efnisins til unglinga í grunn- og framhaldsskólum.

Bæklingar vegna vinnuverndarvinnunnar voru tveir talsins: *Örugg frá upphafi – Upplýsingar fyrir atvinnu-rekendur og stjórnendur* og *Örugg frá upphafi: Upplýsingar fyrir ungt fólk*. Auk þessa voru gefin út vegna vinnuverndarvinnunnar svokölluð *staðreyndablöð*, þ.e. Hollráð fyrir verkstjóra, Hollráð fyrir foreldra, Öryggi ungs starfsfólks á vinnustað, Rétturinn til heilbrigðis og öryggis á vinnustað og Að greina hættur á vinnustað. Einnig skal getið *veggspjalds* sem gefið var út af sama tilefni.

Loks skal getið endurútgáfa á ýmsu efni og útgáfu tveggja tölublaða af *Fréttabréfi um vinnuvernd*.

Vinnueftirlitið

Vinna ungmenna

Ákveðið er með þessari skýrslu að byggja upp samfélag ungmenna og aðallega viðkomandi þáttarinnar sem er að vinna gegn öryggi þessara ungmenna.

- ✓ Vöðvæðingunni
- ✓ Væðingunni
- ✓ Væðingunni

Góð heilsa og líðan er hagur allra

Ólíka heilsu og líðan er mikilvægasta þætturinn hjá þessum jórnvörðum. Þetta er áhrifaþema sem hefur áhrif á heilsu og líðan. Þetta er áhrifaþema sem hefur áhrif á heilsu og líðan.


Ákveðið er með þessari skýrslu að byggja upp samfélag ungmenna og aðallega viðkomandi þáttarinnar sem er að vinna gegn öryggi þessara ungmenna.

Stærð	Ár 2004	Ár 2005	Ár 2006
20-30 ára	14.200	14.300	14.400
31-40 ára	13.800	13.900	14.000
41-50 ára	13.400	13.500	13.600
51-60 ára	13.000	13.100	13.200
61-70 ára	12.600	12.700	12.800
71-80 ára	12.200	12.300	12.400
81-90 ára	11.800	11.900	12.000
91-100 ára	11.400	11.500	11.600



VINNUEVERN

Raddheilsa kennara



Nokkur góð ráð

- ✓ Ráðið er að...

Hafðu líkamann

Hafðu líkamanninn í góðu formi. Þetta er mikilvægasta þætturinn hjá þessum jórnvörðum.

Hugsðu líka um andlegu heilsuna

Hugsðu líka um andlegu heilsuna. Þetta er mikilvægasta þætturinn hjá þessum jórnvörðum.

Hafðu samband

Hafðu samband. Þetta er mikilvægasta þætturinn hjá þessum jórnvörðum.



EVRÓPSKA VINNUEVERNÐARVIKAN 2006

ÖRUGG FRÁ UPPHAFI



Veistu að:
Góður mórall er málið!
Slys eru engin tilviljun
Allir eiga að fá þjálfun í nýju starfi
Réttar vinnustellingar létta vinnuna
Einelti er bannað – allir bera ábyrgð
Til eru reglur um vinnutíma og hvíld

VINNUEFTIRLITIÐ
www.vinnueftirlit.is

EVRÓPSKA VINNUEVERNÐARVIKAN 2006
http://www.2006.osha.europa.eu/



Bæklingar, annar með upplýsingum til atvinnurekenda og hinn ungs fólks á vinnumarkaði, voru gefnir út í tilefni af Evrópsku vinnuverndarvikunni.

Veggspjald með lógí Evrópsku vinnuverndarvikuennar og ýmsum upplýsingum um hvað skiptir máli til að vera „örugg/ur frá upphafi“.

Rannsóknir

1. Úrvinnsla norrænna gagna í rannsókninni Líðan í vinnunni – þeirra sem greinst hafa með krabbamein – og annarra á vinnumarkaðinum. Verkefnið var unnið í samvinnu við Krabbameinsmiðstöðina og Rannsóknastofnunina í vinnuvernd í Finnlandi. Árangur þessa starfs var bókarkafli sem samþykktur var til birtingar í bandarískri bók um konur og krabbamein.
2. Verkefni á vegum sænskrar stofnunar (Center of Health Equity Studies) við Stokkhólmsháskóla en stofnunin hafði fengið það verkefni frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni að skrifa skýrslu um hvort norrænt velferðarlíkan væri til – og ef svo væri, hverju það hefði skilað fyrir lýðheilsu norrænna þjóða. Verkefni Íslendinga (Rannsóknastofu í vinnuvernd) var að skrifa um vinnuverndarstarf á Norðurlöndum. Drögum að skýrslunni, Work and Public Health in the Nordic Countries, var skilað haustið 2006.
3. Rannsókn á krabbameinum starfs- og menntunarhópa á Íslandi. Verkefnið var unnið í samvinnu við Halldóru Viðarsdóttur, Elínborgu J. Ólafsdóttur, Guðríði H. Ólafsdóttur og Laufeyju Tryggvadóttur hjá Krabbameinsskránni og Eero Pukkala hjá Krabbameinsskránni í Finnlandi. Gögn fengust hjá Hagstofu Íslands og Krabbameinsskrá. Byggt er á manntalinu sem tekið var á Íslandi í janúar 1981 en þetta er í fyrsta skipti sem manntalið er notað til rannsókna á heilsufari.
4. Rannsókn á holdafari ýmissa starfshópa hérlendis. Teknar voru saman niðurstöður úr rannsóknum sem Vinnueftirlitið hafði staðið að í samstarfi við ýmsa aðila.
5. Rannsókn á birtingarmyndum vanlíðanar hjá konum í hópi grunnskólakennara. Verkefnið var unnið í samvinnu við Herdísu Sveinsdóttur, prófessor við Háskóla Íslands.
6. Heilsutengd líðan sjómanna. Rannsókn unnin í samstarfi við Læknadeild Háskóla Íslands.
7. Rannsókn á líðan og viðhorfum vaktavinnufólks í samvinnu við Herdísu Sveinsdóttur, prófessor við Háskóla Íslands. Í tengslum við endurnýjun kjarasamninga veturinn 2004–2005 var skipaður starfshópur með fulltrúum Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að gera vaktavinnu eftirsóknarverðari. Í kjölfarið fól starfshópurinn Rannsóknastofu í vinnuvernd að kanna aðstæður, aðbúnað og viðhorf vaktavinnufólks til vaktavinnu. Helstu niðurstöður voru kynntar á opnu málþingi á Radisson SAS Hótel Sögu. Yfirskrift málþingsins var: Starfsumhverfi vaktavinnufólks – Hvert stefnir?
8. Rannsókn á heilsufari og líðan bænda. Áfram var unnið að úrvinnslu gagna um heilsufar og líðan bænda og um það flutt erindi á vísindapíngum.
9. Þátttaka í gerð spurningalista sem Lýðheilsustöð stendur að. Um er að ræða umfangsmikla heilsufarskönnun meðal íslensku þjóðarinnar.
10. Áfram var unnið að verkefni undir forystu aðila við London School of Economics um heilsuhagræðileg áhrif geðsjúkdóma en vinna starfsmanna Vinnueftirlitsins laut fyrst og fremst að áhrifum á vinnu.
11. Áfram var unnið að verkefni um öryggishegðun á byggingarvinnustöðum en þetta er samnorrænt verkefni sem Danir hafa haft forystu um. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki með útgáfu mælitækis sem nota má til að meta öryggishegðun á byggingarvinnustöðum.
12. Rannsakað var einelti á þremur opinberum vinnustöðum og niðurstöður brennar saman við erlendar rannsóknir. Rannsóknin var MS-verkefni við Háskóla Íslands. Spurt var um reynslu fólks af einelti, umfang þess, þróun og viðbrögð við því. Einnig voru kannaðir ýmsir stjórnunarlegir og sálfélagslegir þættir í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á einelti. Sjá nánar á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið

Rannsóknastofa í vinnuvernd

Þrjú fundir voru haldnir í stjórn Rannsóknastofu í vinnuvernd á árinu. Á fundinum voru rædd verkefni og fjármögnun þeirra, nýtt merki var hannað, heimasíðan eflað og efnt var til hádegisfyrirlestra í Háskóla Íslands. Gefin voru út auglýsingaspjöld um fyrirlestrana sem haldnir voru að meðaltali tvisvar í mánuði og voru mjög vel sóttir.

Fulltrúi frá Vinnumálastofnun tók sæti í stjórninni á árinu og sú breyting var að öðru leyti gerð að ákveðið var að Guðbjörg Linda Rafnsdóttir skyldi verða forstöðumaður frá áramótum 2006–2007 en Sigurður Thorlacius formaður stjórnar.

Innlent samstarf

- Pátttaka í stjórn Byggingastaðlaráðs.
- Aðili að Lagnafélagi Íslands.
- Aðili að Lagnakerfamiðstöð Íslands
- Samvinna við Samiðn og Samtök iðnaðarins um svokallað *BB-verkefni*, sjá kaflann Átaksverkefni hér fyrir framan.
- Samvinna við Menntafélag iðnaðarins um námskeið vegna *BB-verkefnisins*.
- Samvinna við Byggingafulltrúann í Reykjavík
- Samvinna við Neyðarlínuna varðandi vinnuslysa-útköll.
- Samráðsfundir með markaðsgæsludeild Neytendastofu um samstarf og verkaskiptingu í markaðseftirliti.
- Samráðsfundir með Umhverfisstofnun um samstarf og verkaskiptingu í fyrirtækjaeftirliti
- Samstarfsverkefni í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Samiðn um innleiðingu nýrra aðferða í vinnuverndarstarfi í byggingar- og málmíðnaði (TR og Elmeri).
- Pátttaka í fagstjórn Staðlaráðs Íslands (STRÍ) í véltækni.
- Pátttaka f.h. félagsmálaráðuneytisins sem er aðili að Staðlaráði Íslands (STRÍ).
- Samstarf við Námsgagnastofnun um námsefni um vinnuvernd fyrir unglinga í grunn- og framhaldsskólum.
- Samstarf við Umboðsmann barna og Vinnumálastofnun um veggspjald varðandi vinnu barna og unglinga.
- Samstarf við Háskólann í Reykjavík og Lýðheilsustöð um evrópska fjarkennsluverkefnið *Hraust saman (Healthy Together)*.
- Samstarf við Háskóla Íslands um Rannsóknastofu í vinnuvernd.

Erlent samstarf

Norrænir samstarfsfundir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar

- Pátttaka í Norrænu vinnuverndarnefndinni, tveir fundir á árinu.
- Pátttaka í norrænum samráðsfundi í Finnlandi um menntun og hæfni fyrirtækjaeftirlitsmanna.
- Pátttaka í samnorrænum fundi um öryggismál í byggingariðnaði í Osló 27.–28. júní.
- Samhæfingarnefnd (Koordinationskomitéen) skipuleggur og tekur ákvarðanir um grundvallaratriði varðandi norrænt samstarf um Evrópustaðla, EB-tilskipanir, reglugerðir o.fl. Einn fulltrúi er frá hverju Norðurlandanna í nefndinni. Fjórir fundir voru haldnir á árinu í nefndinni.
- Einn sameiginlegur tveggja daga fundur var haldinn með 4 staðlahópum á árinu. Pátttakendur voru 32, þar af 5 frá Íslandi. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Þrándheimi, Noregi. Sameiginlegur fundur var haldinn annan daginn þar sem á dagskrá var m.a. nýja véltilskipunin, markaðseftirlitsaðferðir, upplýsingakerfi í markaðseftirliti, alvarleg vinnuslys og nýtt skipulag Vinnueftirlitsins í Noregi. Hinn daginn var aftur á móti fundað í hópum.
 - Hópur 1 fjallaði um staðla varðandi almennar grundvallarkröfur um öryggi og hönnun véla og tæknilegs búnaðar.
 - Hópur 2 fjallaði um staðla varðandi farandvinnuvélar, lyftur, verkpalla o.fl.
 - Hópur 3 fjallaði um staðla varðandi vinnu í hæð.
 - Hópur 4 fjallaði um staðla varðandi hávaða, titring og geislun.

Annað norrænt samstarf

- Pátttaka í norrænum fundi í Danmörku um eftirlit með félaglegum og andlegum aðbúnaði á vinnustöðum.
- Norræn samvinna um þrýstibúnað (Pressure Equipment Directive, PED).

Annað erlent samstarf

- Pátttaka í undirbúningshópi SLIC um evrópskt asbestátak í byggingariðnaði.
- Aðili að IALI, alþjóðlegum samtökum um vinnueftirlit.
- Samstarf við Health Service Executive á Írlandi, National University of Ireland og University of Perugia á Ítalíu um evrópska fjarkennsluverkefnið *Healthy Together*.

Vinnueftirlitið

Erindi og birtar greinar á árinu 2006

Hér á eftir verður ekki getið þeirra fjölmörgu greina sem starfsmenn hafa skrifað í Fréttabréf um vinnuvernd sem Vinnueftirlitið gefur út.

Birtar og samþykktar greinar í vísindaritum, rannsóknaskýrslur og útdrættir

- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Herdís Sveinsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Hildur Friðriksdóttir, Kristinn Tómasson. Lifestyle and self-assessed health of female cabin crew, nurses and teachers (Lífshættir og sjálfmetin heilsa flugfreyja, hjúkrunarfræðinga og kennara). *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation* 2006;27:165-172.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Herdís Sveinsdóttir og Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Á vaktinni – með sveigjanlegum stöðugleika. Ritröð Rannsóknastofu í vinnuvernd nr. 1 2006.
- Halldóra Viðarsdóttir, Elínborg Ólafsdóttir, Guðríður Ólafsdóttir, Hólmfríður Gunnarsdóttir, Rafn Sigurðsson og Laufey Tryggvadóttir. Cancer and information from census 1981 in Iceland (Krabbamein og upplýsingar úr manntalinu 1981 á Íslandi). Kynning á Norræna sumarskólanum í faraldsfræði krabbameina í Virrat, Finnlandi, 3.–5. febrúar 2006.
- Kristinn Tómasson og Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Body Mass Index in different occupational groups in Iceland (Líkamsþyngdarstuðull ólíkra starfshópa á Íslandi). Kynning á ráðstefnunni Nordic Obesity Meeting 15.–16. júní 2006 á Grand Hótelu í Reykjavík.
- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. Skapar vinnan manninn? (Veggspjald). Vísindavaka – stefnumót við vísindamenn. Rannís 22. sept. 2006.
- Nanna Sigurðardóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Helgi Sigurðsson. Factors affecting return to work, work ability and work satisfaction among Icelandic cancer patients – gender perspective (Þættir sem hafa áhrif á vinnu, verkfærni og vinnugleði íslenskra krabbameinssjúklinga. Litið á málin frá kynjafræðilegu sjónarmiði). Kynning á 8. heimspingi IPOS (International Psycho-Oncological Society) í Feneyjum 18.–21. október 2006.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir (2006). „Petta svona venst“. Um upplýsingatækni, kynferði og líðan í þjónustuverum. Í Úlfar Hauks-son (ritstj.). Sjöunda ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum, bls. 411–423. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Kristinn Tómasson (2006). Is psychosocial strain at work a Predictor of seeking medical attention? Þjóðarspekillinn. Sjöunda ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum. Reykjavík 27. október.
- Ágústa Guðmarsdóttir, Kristinn Tómasson. Heilsuefning í leikskólum Reykjavíkur. Áhættumat árið 2000. *Læknablaðið* 2006; 92: 599-607. <http://www.laeknabladid.is/2006/09/nr/2515>.
- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Herdís Sveinsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Hildur Friðriksdóttir, Kristinn Tómasson. Lifestyle, harassment at work and self-assessed health of female flight attendants, nurses and teachers. *Work* 27 (2006), 165–172. http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/arsskyrslur/rannsoknir/work_2006.pdf
- Aðalheiður Jóhannesdóttir, Kristinn Tómasson, Margrét Oddsdóttir. Langtíma (5–10 ára) árangur aðgerða við vélindabakflæði. *Læknablaðið* E 26. tbl. 94. árg. 2006. Ársþing skurðlæknafélags Íslands, Akureyri 31.3–1.4.2006. <http://www.laeknabladid.is/2006/04/nr/2322>
- Hildur Guðjónsdóttir, Kristinn Tómasson, Margrét Oddsdóttir. Árangur enduraðgerða vegna vélindabakflæðis. Er eitthvað sammerkt með þeim sem fara í enduraðgerð? *Læknablaðið* E 27. tbl. 94. árg. 2006. Ársþing skurðlækna-

- félags Íslands, Akureyri 31.3–1.4.2006. <http://www.laeknabladid.is/2006/04/nr/2322>
13. Kristinn Tómasson, Sigurður Sigurðarson, Gunnar Guðmundsson. Symptoms and Treatment Seeking among Icelandic Farmers Compared with General Population. American Occupational Health Conference, 7.–10. maí 2006. Los Angeles, CA. D:\Fyrirlestrar\Symptoms and treatment seeking among Icelandic farmers compa.ppt www.ACOEM.org
 14. Sigurður Sigurðarson, Kristinn Tómasson, Gunnar Guðmundsson, Lára Sigurvinsdóttir, J.A. Watt, N. Metwali, P.S. Thorne, J.N. Kline. Respiratory Dysfunction and Environmental Endotoxin in Icelandic Farmers. ATS 19.–24. maí 2006. San Diego International Conference. http://www.abstracts2view.com/ats06/view.php?nu=ATS06L_3814
 15. Baldur Helgi Ingvarsson, Kristinn Tómasson, Vilhjálmur Rafnsson. Heilsutengd lífsgæði togarasjómanna – samanburður á undirmönnum og yfirmönnum. *Læknaneminn* 2006(57), bls. 75–76.
 16. Kristinn Tómasson. Occupational Accidents in Iceland. Nordic Ergonomic Society 38th Annual Congress, 24.–27. september 2006. Hameenlinna, Finnlandi.

Greinar almenns eðlis

- Ása Ásgeirsdóttir (2006): Öruggr frá upphafi. Í dagblöð og stéttarfélagsblöð í tilefni Vinnuverndarvikunnar 2006.
- Hanna Kristín Stefánsdóttir (2006): Vinnuslys og forvarnir. Byggið nr. 18, bls. 20–22.
- Inghildur Einarsdóttir: Áhættumat og forvarnir. SFR- blaðið.
- Inghildur Einarsdóttir: Áhættumat vegna vinnu barna og ungmenna. Morgunblaðið og Blaðið.

Rit í vinnslu á árinu

1. Unnið var að bókinni *Arbejde, helse og velfærd i Vestnorden* (ritstj.: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir). Bókin var gefin út af Háskólaútgáfunni og Rannsóknastofu í vinnuvernd 2007. Verkefnið er fjármagnað af Nordisk ministerråd/Vælfærðsforskningsprogrammet.
2. Skrifuð greinin A nation-wide study of psychosocial strain at work as a predictor of seeking medical attention. Greinin hefur verið samþykkt til birtingar í *The Journal of Disability Medicine*.
3. Unnið var að bókarkafnum: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Lára Rún Sigurvinsdóttir. Surveillance Technology, Work and Gender. Þetta fékkst birt árið 2007 í: Sundén, J. and Sveningsson M. (ritstj.). *Cyberfeminism in the Nordic Lights: Digital Media and Gender in a Nordic Context*, bls. 223–242. Newcastle: Cambridge Scholars Press.
4. Unnið var að bókarkafnum: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Lára Rún Sigurvinsdóttir (2007). Líkami starfsmanna – viðfang eftirlits. Um notkun líftækni við stjórnun vinnustaða. Í Salvör Nordal (ritstj.). *Persónuvernd í upplýsingasamfélagi*, bls. 33–56. Reykjavík: Siðfræðistofnun. Birtist árið 2007.
5. Unnið var að bókarkafnum: Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2007). Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði. Umfang og birtingarform. Í Salvör Nordal (ritstj.).

Vinnueftirlitið

- Persónuvernd í upplýsingasamfélagi*. Reykjavík, Siðfræðistofnun. Birtist árið 2007.
6. Unnið var að bókarkafnum: Lára Rún Sigurvinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2007). Augun í borginni. Um eftirlitsmyndavélar og félagslegt taumhald. Í Salvör Nordal (ritstj.). *Persónuvernd í upplýsingasamfélagi*, bls. 5–29. Reykjavík. Siðfræðistofnun. Í prentun.
 7. Unnið var að bókarkafnum: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2007). Verkalýðshreyfingin og staða kvenna og karla á vinnumarkaði. Í Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.). *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld. Framtíðarsýn á 21. öldinni*, bls. 41–54. Reykjavík. Efling – stéttarfélag og Reykjavíkur Akadémían.

Pátttaka í ráðstefnum

Starfsmenn Vinnueftirlitsins héldu að venju allmörg erindi á vísinda- og fagráðstefnum og á almennum ráðstefnum, fundum og á vinnustöðum og tóku þátt í fjölmörgum ráðstefnum sem snerta vinnuvernd. Verða þessi erindi og þátttaka ekki tífunduð hér.

Ritstjórn og ritrýni

Hólmi Friður K. Gunnarsdóttir sat í ritstjórn bandaríska tímaritsins WORK. Ritstjórninni fylgir að ritrýna greinar sem sendar eru til tímaritsins. Greinar hafa einnig verið ritrýndar fyrir önnur erlend vísindatímarit sem birta greinar um vinnutengda heilsu. Ennfremur var ritrýndur kafli í íslensku fræðiriti sem kom út á árinu 2006.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir var gestaritstjóri norræna tímaritsins NIKK-Magasinet 1:2006, helgað rannsóknum á norrænni velferð og kynjarannsóknum.

Kristinn Tómasson situr í ritstjórn Nordic Journal of Psychiatry og í stjórn Scandinavian Journal of Public Health.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins í árslok 2006

Eyjólfur sæmundsson	forstjóri
Aðalskrifstofa	
Dagrún Þórðardóttir	skrifstofustjóri
Guðmunda María Guðmundsd.	fulltrúi
Guðrún Tryggvadóttir	fulltrúi
Halldóra Guðmundsdóttir	ritari forstjóra
Ingibjörg Þ Marteinsdóttir	fulltrúi
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	fulltrúi
Ragnhildur Karlsdóttir	aðstoðardeildarstjóri

Lögfræðingur	
Áslaug Einarsdóttir	lögfræðingur

Tölvuvæðing	
Sverrir Gunnlaugsson	verkefnastjóri
Ægir Pétursson	verkefnastjóri
Pétur Jónsson	verkefnastjóri

Sérfræðideildir

Tæknideild	
Garðar Halldórsson	deildarstjóri
Ágúst Ágústsson	aðstoðardeildarstjóri

Fræðsludeild	
Ása Ásgeirsdóttir	deildarstjóri
Ingibjörg Hauksdóttir	verkefnastjóri
Gerður Garðarsdóttir	sérfræðingur
Hanna Kristín Stefánsdóttir	sérfræðingur

Efna- og hollustuháttadeild	
Víðir Kristjánsson	deildarstjóri
Friðrik Daníelsson	verkefnastjóri
Sigurður Karlsson	aðstoðardeildarstjóri

Rannsókn- og heilbrigðisdeild	
Kristinn Tómasson	yfirlæknir/deildarstj.
Anna Sigríður Jónsdóttir	verkefnastjóri

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir	fagstjóri
Hólfríður K. Gunnarsdóttir	aðstoðardeildarstjóri

Eftirlitsdeildir

Próunar- og etirlitsdeild	
Þórunn Sveinsdóttir	deildarstjóri
Ólafur Hauksson	aðstoðardeildarstjóri
Sigfús Jón Sigurðsson	fagstjóri
Þórunn Inghildur Einarsdóttir	fagstjóri

Vinnuvéladeild

Magnús Guðmundsson	deildarstjóri
Haukur Sölvason	verkefnastjóri
Georg Árnason eftirlitsmaður	
Hannes Sigurgeirsson	eftirlitsmaður
Hildur Guðlaugsdóttir	fulltrúi
Ingvi Ágústsson	eftirlitsmaður
Ívar Ívarsson	eftirlitsmaður
Steinar Helgason	eftirlitsmaður
Þórður Kristinn Sigurðsson	eftirlitsmaður
Stefán S. Sigurðsson	eftirlitsmaður

Reykjavíkumdæmi

Steinar Harðarson	umdæmisstjóri
Fríða María Ólafsdóttir	eftirlitsmaður
Björn S Pálsson	aðstoðarumdæmisstj.
Gylfi Már Guðjónsson	umdæmisstjóri
Gróa Hafdís Ágústsdóttir	eftirlitsmaður
Guðbrandur Árnason	eftirlitsmaður
Hafdís S. Sverrisdóttir	eftirlitsmaður
Pétur Böðvarsson	eftirlitsmaður

Vesturlandsumdæmi

Guðjón Sólmundarson	umdæmisstjóri
Súsanna Steinþórsdóttir	fulltrúi
Björn Jóhannsson	eftirlitsmaður

Vinnueftirlitið

Vestfjarðaumdæmi	
Valgeir Rúnar Hauksson	umdæmisstjóri
Guðrún Elísabet Pálsdóttir	fulltrúi
Norðurlandsumdæmi vestra	
Stefán P Stefánsson	umdæmisstjóri
Helga Dóra Lúðvíksdóttir	fulltrúi
Eyþór Jónasson	eftirlitsmaður
Norðurlandsumdæmi eystra	
Haukur Þorsteinsson	eftirlitsmaður
Sigrún Jóna Daðadóttir	umdæmisstj./fulltrúi
Valgeir Páll Guðmundsson	umdæmisstj./eftirl.m.
Kári Gunnarsson	eftirlitsmaður
Gunnar Bóasson	eftirlitsmaður
Austurlandsumdæmi	
Þorvaldur P Hjarðar	umdæmisstjóri
Ólína Ágústa Sófúsdóttir	eftirlitsmaður
Sveinbjörg Ólafsdóttir	fulltrúi
Páll Sigvaldason	eftirlitsmaður
Jónas Jóhannsson	eftirlitsmaður
Suðurlandsumdæmi	
Gísli R Sveinsson	umdæmisstjóri
Höskuldur Rafn Kárason	eftirlitsmaður
Sigrún Guðný Arndal	eftirlitsmaður
Þórhallur Steinsson	eftirlitsmaður
Hannes Snorrason	eftirlitsmaður
Suðurnesjaumdæmi	
Daníel Eyþórsson	umdæmisstjóri
Margrét Sigurðardóttir	fulltrúi
Sveinn Adolfsson	eftirlitsmaður

* Á árinu 2006 var umdæmisstjóri á Norðurlandi eystra í launalausum leyfi.

